Fljótsdalshreppur

AÐALSKIPULAG 2014-2030

GREINARGERÐ

26. nóvember 2014

Fljótsdalshreppur

AÐALSKIPULAG 2014-2030

LANDMÓTUN

Einar E. Sæmundsen
Óskar Örn Gunnarsson
Margrét Ólafsdóttir
Lilja Kristín Ólafsdóttir

Unnið fyrir Fljótsdalshrepp

Landmótun sf. Hamraborg 12, 200 Kópavogur

Greinagerð: Einar E. Sæmundsen
Óskar Örn Gunnarsson
Margrét Ólafsdóttir
Lilja Kristín Ólafsdóttir

Uppsetning greinagerðar: Jóhann Sindri Pétursson

LJÓSMYNDIR

Fljótsdalshreppur

Landmótun. L.M.

Mynd á kápu. Ljósmynd. E.E.S.

FYLGISKJÖL

Uppdráttur Fljótsdalshreppur -
Aðalskipulag 2014-2030, dagsett 11.08.2014

Forsendur og Umhverfisskýrsla
Aðalskipulag 2014-2030, dagsett 11.08.2014

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 11. ágúst 2014

_____

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 2014.

_____

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2014.

_____

_____

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR....8
1.1 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS....9
1.2 SAMRÁÐ....9
1.3 SAMRÁÐ VIÐ ÍBÚA OG HAGSMUNAAÐILA....9
1.4 SAMRÁÐ VIÐ STOFNANIR OG FYRIRTÆKI....10
1.5 ATHUGASEMDIR LÖGBOÐINNA UMSAGNARAÐILA....10
1.6 AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA EFTIR AUGLÝSINGU (SBR. 32. GR. LAGA NR. 123/2010)....10
1.7 FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR OG AÐRAR ÁÆTLANIR....11
1.8 AFGREIÐSLA AUGLÝSINGU (SBR. 9. GR. LAGA NR. 105/2010)....12
1.9 KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR....12

2. FLJÓTSDALSHREPPUR....13
2.1 LÝSING AÐALSKIPULAGS....13
2.2 BYGGÐ....13
2.2.1 Íbúðarbyggð....13
2.2.2 Frístundabyggð....14
2.2.3 Opin svæði....15
2.2.4 Afþreyingar og ferðamannasvæði....16
2.2.5 Kirkjugarðar....17
2.3 ATVINNA....17
2.3.1 Landbúnaðarsvæði....17
2.3.2 Skógræktar og landgræðslusvæði....20
2.3.3 Samfélagsþjónusta....23
2.3.4 Verslun og þjónusta....24
2.3.5 Iðnaðarsvæði....25
2.3.6 Úrgangsstjórnun....26

2.3.7 Efnistöku- og efnislosunarsvæði....26
2.4 UMHVERFI....28
2.4.1 Óbyggð svæði....28
2.4.2 Vatnsvernd....28
2.4.3 Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum....29
2.4.4 Friðlýst svæði....30
2.4.5 Önnur náttúruvernd....31
2.4.6 Minjaverndarsvæði....34
2.4.7 Hverfisverndarsvæði....35
2.4.8 Náttúrvá....36
2.5 SAMGÖNGUR OG GRUNNKERFI....38
2.5.1 Vegir....38
2.5.2 Gönguleiðir....40
2.5.3 Reiðleiðir....40
2.5.4 Grunnkerfi og helgunarsvæði....42
2.5.5 Vatnsveita....42
2.5.6 Hitaveita....42
2.5.7 Fráveita....42
2.5.8 Rafveita....43
2.5.9 Fjarskipti....44

3. HEIMILDIR....47

3.1 RITAÐAR HEIMILDIR....47
3.2 VEFSÍÐUR....47

VIÐAUKI 1. 48
VIÐAUKI 2. 50

1. INNGANGUR

Fljótsdalshreppur er sveitarfélag á Héraði á Austurlandi og nær yfir Fljótsdal og nálæg svæði, allt suður að Vatnajökli. Mörk sveitarfélagsins að norðanverðu eru við Hrafnsgerðisá, talsvert út með Lagarfljóti, en að austanverðu eru mörkin við Gilsá, við Fljótsbotninn. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030 tekur til alls lands innan staðarmarka sveitarfélagsins. Heildarstærð skipulagssvæðis er um 1516 km^2. Áætlunin er sett fram í tveimur greinargerðum og tveimur uppdráttum.

Greinargerð aðalskipulagsins er nánari lýsing á uppdrætti og stefnumörkun fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn ákveðna lit á aðalskipulagsuppdrætti og gilda þar um reglur sem lýst er nánar í greinargerð og byggja á skipulagsreglugerð nr 90/2013.

Greinargerðin skiptist í þrjá kafla;

1.kafla Inngangur, 2.kafli ; Meginþættir skipulagsáætlunar og lýsing einstakra þátta aðalskipulagsins og 3kafli; Heimildir.

Forsendur og umhverfisskýrsla eru settar fram í sérhefti ásamt viðauka með þemakortum til frekari skýringar.

1.1 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

LEIÐARLJÓS:

Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

MEGINMARKMIÐ:

Aðalskipulag Fljótsdalshrepps miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi á tímabilinu 2014-2030.

Lögð er áhersla á eftirfarandi sérgreind markmið:

- Að stuðla að **hagkvæmri þróun byggðar** á svæðinu, m.a. að taka frá byggingaland fyrir vöxt kjarna.
- Að stuðla að **auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum** með framboði lóða undir m.a. skógariðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun.
- Að stuðla að hagkvæmri **nýtingu orkulinda**. Að jarðefnanámur verði skrásettar og stærð þeirra skilgreind.
- Að stuðla að **varðveislu náttúruminja og söguminja** og annarra umhverfislegra gæða.
- Að standa vörð um vernd **grunnvatns** sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Að leita hagkvæmustu lausna í **vegagerð** og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.
- Að stuðla að **góðum samgöngum** í byggðarlaginu.
- Stefnt skal að því að **góð landbúnaðarsvæði** verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- Að benda á gildi **skógræktar** enda er líklegt að um verði að ræða umtalsverða breytingu á landnotkun vegna skógræktar, bæði almennrar skógræktar og nytjaskógræktar, þ.e. bændaskóga. Fljótsdalshreppur er vagga bændaskógræktar sem hófst þar 1968.
- Að styrkja stoðir og **auka vægi ferðaþjónustu** á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins.
- Að stefnt verði að því að **afmarka frístundasvæði**, núverandi og fyrirhuguð.
- Að stuðla að **gróðurvernd og landgræðslu** og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- Að skráð verði þekkt **hættusvæði**, t.d. þar sem jarðskjálfta-, ofanflóða- eða annars konar flóðahætta er til staðar. Nánar verði unnið úr gögnum um hugsanlega náttúruvá síðar meir með gerð jarðfræðikorta.
- Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

1.2 SAMRÁÐ

Haft var samráð við aðila sem á einn eða annan hátt tengjast þeim þáttum sem aðalskipulagið tekur til. Hér á eftir er gert grein fyrir samráði sem skilyrt er skv. skipulagsreglugerð, gr. 3.2.

1.3 Samráð við íbúa og hagsmunaaðila

Íbúafundur 23. október 2012. Kynning í upphafi vinnu.

Íbúafundur 26. júní 2013 þar sem lögð voru fram og kynnt drög sem fyrir lágu. Tekið hefur verið tillit til ábendinga sem komu fram á þessum fundum og gögnum breytt til samræmis. Íbúafundur var haldinn í Végarði í apríl 2014.

Fundur 24.október 2013 með fulltrúum í sveitarstjórn, byggingarnefnd ásamt byggingarfulltrúa. Farið yfir lokadrög greinargerðar ásamt kynning á aðalskipulagsuppdrætti og þemakortum.

1.4 Samráð við stofnanir og fyrirtæki

Samráð við aðila er tengjast eftirfarandi efnisflokkum:

Samgöngur. Fundur með Vegagerðinni 24. október 2012, um samgöngur og fyrirhugaðar framkvæmdir.

Náttúruverndarsvæði og aðrar náttúruminjar. Landupplýsingagögn vegna friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjaskrá. Leitað hefur verið til UST vegna óska um að breyta afmörkun á svæði á Náttúruminjaskrá.

Ofanflóð. Samráð við Veðurstofu Íslands. Ennfremur stuðst við gögn frá Halldóri G. Pétursson jarðfræðingi á Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri.

Friðlýstar minjar og skráning fornminja. Samráð við Minjastofnun Íslands vegna fornleifa og húsafriðunar. Haft var m.a.samráð við Steinunni Kristjánsdóttur fornleifafræðing.

Efnistökusvæði. Samráð við Vegagerðina varðandi skráningar á efnistökusvæðum.

Veitur. Samráð við Landsnet um meginflutningskerfi raforku og við Rarik um dreifikerfi raforku. Ný gögn unnin af verkfræðistofunni Mannvit á Egilsstöðum um veitukerfið í sveitarfélaginu.

Skógrækt. Samráð við Héraðs- og Austurlandsskóga varðandi skógræktarsvæði í Fljótsdalshreppi.

1.5 Athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila

Tillaga að endurskoðuðu Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps var samþykkt til auglýsingar 5. desember en endurskoðun á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014 hefur staðið yfir frá seinnihluta árs 2012. Með bréfi dagsettu 9. desember 2013 var tillaga að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 send til Skipulagsstofnunar til athugunar samkv. 3.mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var lagfærð m.t.t. athugasemda Skipulagsstofnunar sem bárust með bréfi dagsett 13.janúar 2014. Ákveðið var að hafa tvo uppdrætti og einstök atriði í greinargerð voru lagfærð. Tillagan var send til umsagnaraðila 10.febrúar 2014 og þeim veittur frestur til að koma með umsögn til 4. mars 2014.

Í töflu í viðauka 1 er upptalning á umsagnaraðilum og viðbrögðum hreppsins.

1.6 Afgreiðsla athugasemda eftir auglýsingu sbr. 32.gr. laga nr. 123/2010

Eftirfarandi athugasemdir og ábendingar bárust:

1. Ólafur Valsson, dags. 27. apríl 2014 vegna Kröflulínu 3.
2. Hörður Einarsson, dags 15. maí 2014 vegna Kröflulínu 3.
3. Landvernd, dags. 15. maí 2014 vegna Kröflulínu 3.

Í töflu í viðauka 2 er upptalning á athugasemdum og viðbrögðum hreppsins.

1.7 FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR OG AÐRAR ÁÆTLANIR

Gildandi aðalskipulag

Aðalskipulagið grundvallast á gildandi aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014, stefnumörkun og forsenduköflum greinargerðar. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014 var unnið á árunum í kringum 2000 í kjölfar gerðar svæðisskipulags Fljótsdalshéraðs. Aðalskipulagið var staðfest 20. apríl 2004.

Löggjöf og ytri stefnumörkun

Aðalskipulag Fljótsdalshrepps lýtur og tekur eftir atvikum mið af margvíslegri löggjöf og ytri stefnumörkun t.d.:

- Skipulagslögum 2010 nr. 123, og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
- Svæðisskipulagi miðhálendisins 2015.
- Sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun 2002.

Eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eru í gildi í Fljótsdalshreppi:

- Deiliskipulag Kárahnjúkavirkjunar, 9. október 2003.
- Deiliskipulag fyrir Skriðuklaustur – Valþjófsstað 1 – Hamborg staðfest 3.júní 2008 , breytt 2009 og 2011.
- Deiliskipulag fyrir sumarbústaðasvæði að Víðivöllum ytri I í mkv. 1:2.000, fyrst samþykkt 1993 (Skipulagsstofa Austurlands.). Endurskoðað 2011 sem Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Víðivalla ytri 1 og staðfest 11. janúar 2011.
- Deiliskipulag Laugarfell, Laugará 2007.

Aðrar áætlanir

Í Samgönguáætlun 2011 – 2022 er grunnnet vegakerfis skilgreint, þar segir:

„Grunnnet vegakerfisins nær til allra byggðakjarna með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Það nær jafnframt til þeirra staða sem eru mikilvægastir fyrir félagslega og efnahagslega þróun íslensks samfélags þ.m.t. fyrir flutninga fólks og vöru, ferðaþjónustu og flutninga til og frá landinu. Netið er samfellt, liggur um þéttbýlisstaði þar sem svo háttar til og helstu samgönguæðar í stærstu þéttbýlisstöðum teljast til netsins. Til grunnnetsins teljast einnig helstu flugvellir og flugleiðir, helstu hafnir, ferju- og siglingaleiðir meðfram ströndinni og inn í hafnir. Á sama hátt teljast siglingaleiðir og flugleiðir til og frá landinu til grunnnets samgöngukerfisins“.

Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, 2.útgáfa er frá 12. júlí 2013 og er sett fram í samræmi við ákvæði laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 og reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008, með síðari breytingum. Stjórnunar- og verndaráætlun er eitt meginstjórntæki þjóðgarðsins og verkfæri til stefnumótunar eins og segir í greinargerð með frumvarpi til laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Henni er ætlað að vera stefnumótandi áætlun sem stjórnendur Vatnajökulsþjóðgarðs styðjast við þegar ákvarðanir um stjórnun og skipulag þjóðgarðsins eru teknar. Í áætluninni er sett fram stefna um Vatnajökulsþjóðgarð, náttúruvernd, útivist og byggðaþróun.

Í henni kemur fram að stjórn þjóðgarðsins getur heimilað byggingu gönguskála á stöðum austan Snæfells sem tilgreindir eru í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps, þ.e. er við Snæfellsbúðir austan Snæfells, við Kverkkvíslargil, austan Kelduárstíflu og neðan við Þjófahnjúka.

Votlendi samkvæmt „Ramsarsamningi“. Innan Vatnajökulsþjóðgarðs hefur Snæfells-og Eyjabakkasvæðið verið skráð sem mikilvægt votlendi skv. „Ramsarsamningi“ frá og með 4. febrúar 2013. Ramsarsvæði eru votlendissvæði með alþjóðlegt gildi, einkum fyrir búsvæði fugla. Svæðið er lykill svæði fyrir fellistöðvum á Heiðagæs, Anser brachyrhynchus, á sumrin.

Þjóðlendur. Þjóðlendur innan staðarmarka Fljótsdalshrepps eru Villingadalur, Suðurfell, Múli og undir Fellum.

1.8 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU (SBR. 9. GR. LAGA NR. 105/2010)

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti 7. mars 2014 að auglýsa tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Við gildistöku nýja aðalskipulagsins fellur úr gildi aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014.

Aðalskipulagsgögnin voru til sýnis á skrifstofu Fljótsdalshrepps í Végarði, hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166 í Reykjavík og á heimasíðu Fljótsdalshrepps, www.fljotsdalur.is, frá og með 27. mars 2014 til 15 maí 2014.

Niðurstaða umhverfisskýrslu leiddi í ljós að stefnumörkun aðalskipulagsins hefur í megindráttum jákvæð áhrif á umhverfið en þó er settur fyrirvari um Kröflulínu 3 í kafla 2.5.8 um rafveitur og mótvægisaðgerðir og vöktun hvað skógrækt varðar.

Óskað var umsagnar frá 13 aðilum en 11 umsagnir bárust og var brugðist við þeim sbr. viðauka 1. Athugasemdir bárust frá 3 aðilum og eru þær og viðbrögð sveitarstjórnar tíundaðar í viðauka 2. Athugasemdir leiddu ekki til efnislegra breytinga á aðalskipulaginu.

1.9 KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR

Skipulagsgögnin eru unnin á stafræna kortagrunna frá Landmælingum Íslands í mkv. 1:75.000 og Loftmynda ehf. Auk skipulagsuppdráttar er skipulagsáætlunin sett fram á nokkrum séruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Skipulagsuppdrættir eru þessir:

Byggðauppdráttur af Fljótsdalshreppi, mkv. 1:30.000.

Hálendisuppdráttur mkv. 1:50.000.

Til þess að auðvelda lestur skipulagsgagna eru helstu efnisþættir aðalskipulags dregnir saman til skýringar á sérstökum uppdráttum í mkv. 1:200.000. Skipulagsuppdrættir gilda ef ósamræmi er milli skýringaruppdrátta og skipulagsuppdrátta. Skýringauppdrættirnir eru eftirfarandi og eru felldir inn í greinargerðina:

- Gróðurkort
- Landbúnaður og skógrækt
- Skipting eftir búrekstri
- Minjar
- Samgöngur
- Veitur
- Göngu- og reiðleiðir, slóðar
- Ferðaþjónusta
- Úrskurður um þjóðlendusvæði
- Vatnajökulsþjóðgarður/Ramsar sáttmálinn/náttúruminjaskrá/hverfis-vernd.

Vegna mælikvarða á sveitarfélagsuppdrætti eru svæði sem eru 5 ha eða minni táknuð með hring en ekki afmörkuð. Lýsing á starfsemi á einstökum svæðum er samkvæmt núverandi notkun og er ekki bindandi umfram ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar.

Ósamræmi eru á milli sveitarfélagamarka við sveitarfélagið Hornafjörð og eru sveitarfélagamörk óviss að hluta til á svæðinu frá Geldingafelli um Háöldur að Víðidalsvarpi.

2. FLJÓTSDALSHREPPUR

2.1 LÝSING AÐALSKIPULAGS

Fljótdalshreppur er dæmigert landbúnaðarsvæði með sterkri skógræktarhefð. Fyrsta janúar 2013 voru íbúar 80. Hálendishlutinn einkennist af víðáttumiklum ósnortnum heiðum og því mikilvægt að vanda staðarval fyrir skála og alla mótun umhverfis.

Landbúnaður er undirstöðuatvinnugreinin í sveitarfélaginu þá einkum sauðfjárrækt og skógrækt. Fljótsdalsstöð er stærsti einstaki vinnustaður sveitarfélagsins með 15 ársverk.

Í Fljótsdalshreppi eru fjögur svæði á náttúruminjaskrá og stór hluti Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. Á skrá Minjastofnunar Íslands eru nokkrar friðlýstar minjar á byggðahluta í Fljótsdalshreppi og ein í hálendishlutanum auk þess húsið að Skriðuklaustri.

2.2 BYGGÐ

Skipulagsreglugerð skilgreinir byggðamynstur sem „Lögun og yfirbragð byggðar þar með talið fyrirkomulag byggðar og landnotkunar, svo sem hæð og þéttleiki, tegund landnotkunar, gatnakerfi, gerð og uppröðun bygginga.“

Yfirbragð byggðar eða byggðamynstur á láglendi í Fljótsdals einkennist af dreifða byggð í dölum með stökum lágreistum byggingum, stórum trjágörðum á gömlum bæjarhólum, túnum og skógræktarsvæðum.

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að góð byggingarlist sé höfð að leiðarljósi og þá horft til húsgerða, innbyrðis samræmis og aðlögun að eldri byggð og umhverfi. Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s. s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.

2.2.1 ÍBÚÐARBYGGÐ

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins. (gr. 6.2.1 í skipulagsreglugerð).

Íbúum hefur fækkað í sveitarfélaginu ef horft er aftur til ársins 1991. Þeim fjölgaði reyndar ört á árunum 2005-2009 á meðan á framkvæmdum vegna Kárahnjúkavirkjunar stóð en fækkaði aftur þegar þeim lauk. Íbúaspá Hagstofu Íslands gerir ráð fyrir því að landsmönnum fjölgi um 0,5-1% en vegna fámennis er mjög erfitt að setja fram slíka spá fyrir Fljótsdalshrepp þar sem það nægir að ein fjögurra manna fjölskylda setjist að í sveitarfélaginu til þess að íbúum fjölgi um 0,5%. Aldurshópurinn 25-50 ára er áberandi fámennur en það er sá aldurshópur sem er virkastur á atvinnumarkaðnum en draga má þá ályktun að þessi hópur flytjist frá sveitarfélaginu og leiti annað til þess að mennta sig eða leita frekari atvinnutækifæra (sjá kafla 1.2.1. í forsenduhefti). Þó mikil uppbygging hafi átt sér stað á síðasta skipulagstímabili og atvinnutækifærum hafi fjölgað í sveitarfélaginu hefur það ekki leitt til fjölgunar íbúa í Fljótsdalshreppi. Helsta skýringin eru bættar samgöngur og tækniframfarir í samkiptum..

Lóðaframboð er mikið umfram fyrirsjánlega þörf og er það gert til þess að auðvelda fólki að setjast að á heimaslóð.

MARKMIÐ:

Stuðlað verður að hagkvæmri þróun íbúðarbyggðar með það að markmiði að auðvelda fólki að setjast að á heimaslóð. Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir íbúðarbyggð. Íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu- eða almenns útivistargildis.

LEIÐIR:

- Komið verði til móts við mismunandi þarfir með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða heima fyrir.
- Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s. s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.
- Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á fornminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Minjastofnunar Íslands.
- Gera skal úttekt á náttúrufari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði, s.s. votlendi eða tegundir á válista verði fyrir áhrifum framkvæmda.
- Taka skal tillit til yfirbragðs sveitarinnar, landslags, söguslóða, gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag íbúðarbyggðar og annarrar nýtingar lands s.s. skógræktar og frístundabyggðar.
- Ekki skal reisa íbúðarbyggð á góðu ræktunarlandi og landi sem hentar vel til framleiðslu, akuryrkjulandi, ef hjá því verður komist. Sjá kafla 2.3.1 þar sem sett er fram viðmið um „gott ræktarland“.

Gert er ráð fyrir íbúðarsvæði í landi Bessastaða/Eyrarlands í bland við verslun og þjónustu. Ennfremur er heimilt að reisa allt að 3 íbúðarhús á hverri jörð sbr. umfjöllun um landbúnaðarsvæði í kafla 2.3.1.

Nr.	Heiti	Lýsing	Fjöldi lóða	Þéttleiki byggðar (lóðir/ha)
ÍB-1	Eyrarland-Bessastaðir	Gert er ráð fyrir íbúðabyggð á um 5 ha svæði með 5 lóðum. Lóðir liggja frá gatnamótum norður með hlíðinni, 1-2 hæðahús á kjallara þar sem aðstæður leyfa. Þjónusta og verslun staðsett að gatnamótum.	4-5	1-2 hús á lóð létt og hreinleg atvinnustarfsemi er leyfileg.
ÍB-2	Skriðuklaustur	Svæði með 4 lóðum	4	Samþ. deiliskipulag

2.2.2 FRÍSTUNDABYGGÐ

Svæði fyrir frístundahús og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum. (gr. 6.2.8 í skipulagsreglugerð)

MARKMIÐ:

Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð. Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum skal vera í samræmi við skipulag, en á nýjum svæðum skulu lóðir jafnan verða á stærðarbilinu 0,5 – 2 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03.

Leyfilegt verði að byggja allt að 3 sumarhús á landbúnaðarsvæðum á lögbýlum, sem eru stærri en 70 ha, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundabyggð í aðalskipulagi. Leitast skal við að fjölga sem minnst vegtengingum við stofnvegi og að taka ekki gott landbúnaðarland undir frístundabyggð.

Yfirbragð byggðar taki mið af umhverfi og aðstæðum. Ekki er heimilt að koma fyrir vinnubúðagámum í því skyni að nýta þá sem frístundahús nema að útlit þeirra og efnisvali sé breytt.

LEIÐIR:

- Við deiliskipulagsvinnu skal fara fram deiliskráning fornleifa og leita umsagnar Minjastofnunar Íslands.
- Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum innan hverrar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best. Að jafnaði er gert ráð fyrir að um ¼ hluti lands á sumarhúsasvæðum verði til almennrar útivistar.
- Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s. s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.
- Taka skal tillit til landslags, söguslóða, gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag frístundahúsabyggðar. Slík byggð skal þar sem það á við taka mið af yfirbragði sveitarinnar.

Skipulagsáætlunin sýnir frístundabyggð með ljósfjólubláum lit og eru aðeins sýnd þau svæði þar sem gert er ráð fyrir 4 eða fleirum húsum á samfelldu svæði innan sömu jarðar. Öll veiðihús og orlofshúsabyggð eru felld undir frístundabyggð og auðkennd á sveitarfélagsuppdrætti. Í töflu hér á eftir er yfirlit yfir frístundabyggðarsvæði. Svæði sem eru auðkennd með hringtákni á skipulagsuppdrætti geta verið allt að 5 ha að stærð.

Svæði undir frístundabyggð eru þessi:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F-1	Droplaugarstaðir	Gert er ráð fyrir 4-5 frístundahúsum á um 5 ha svæði. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.
F-2	Brekkugerði	Stærð svæðis um 5 ha svæði. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.
F-3	Brekka	Stærð svæðis um 5 ha. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.
F-4	Víðivellir Ytri I	Gert er ráð fyrir um 13 frístundahúsum á um 20 ha svæði. Staðfest deiliskipulag frá 2011.
F-5	Víðivellir Ytri II	Gert er ráð fyrir um 8 frístundahúsum á um 6-8 ha svæði. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.

2.2.3 OPIN SVÆÐI

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. (gr. 6.2.12 í skipulagsreglugerð).

MARKMIÐ:

Stefnt er að því að efla starfsemi á sviði útivistar og ferðaþjónustu.

LEIÐIR:

- Gert er ráð fyrir að starfsemi á núverandi svæðum geti eflst, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.
- Útivistarsvæði í sveitarfélaginu verði gerð aðgengileg fyrir almenning.

Í flokki opinna svæða í sveitarfélaginu eru m.a. útivistarskógar.

Opin svæði eru þessi:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
OP-1	Skriðuklaustur	Milli Skriðuklaustur og Snæfellsstofu með Verndarsvæði – klausturminja samtals 13,5 ha	Staðfest deiliskipulag
OP-2	Víðivallaskógur	Samkomusvæði í Víðivallaskógi	Víðivellir Ytri I og II

2.2.4 AFÞREYINGAR OG FERÐAMANNASVÆÐI

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, varanleg tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar. (gr. 6.2.9 í skipulagsreglugerð).

MARKMIÐ:

Að bæta þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu. Að yfirbragð mannvirkja falli vel að umhverfi sínu og að svæðin verði vel tengd með gönguleiðum, reiðleiðum og/eða slóðum.

LEIÐIR:

- Uppbygging ferðamannastaða og skilgreining verndarsvæða (Vatnajökulsþjóðgarður) kalla á aukna þjónustu. Fjölgun um einn gönguskála (fjallaselja) samanborið við svæðisskipulag Miðhálendis Íslands 2015 (SMÍ 2015) en Svæðisskipulag Miðhálendis heimilar að reisa megi gönguskála innan dagleiða á megin gönguleiðum. Bætt er því við Eyjabakkafoss AF-8, en sel sem er skilgreint við Kelduárlón fellur niður. Um er að ræða sama sel en það er fært til þess að samræmast betur gönguleiðum á svæðinu.
- Að leitað verði eftir auknum tækifærum á sviði ferðaþjónustu. T.d. Nokkurra dagleiða gönguleið út frá Laugarfelli um fyrirhugaðan gönguskála í Geldingafell í Vatnajökulsþjóðgarði og áfram í Kollumúla á Lónsöræfum.
- Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s. s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
AF-1	Dimmavatn (Tungufellsskáli)	Fyrirhugað sel fyrir göngufólk við Dimmavatn á Múla.	Þorgerðarstaðir
AF-2	Hrakstrandakofi	Gangnamannakofi. (Fjallasel í SMÍ 2015)	Þjóðlenda
AF-3	Snæfellsbúðir	Fyrirhugað sel austan Snæfells.	Þjóðlenda innan Vatnajökulsþjóðgarðs
AF-4	Hálskofi	Gangnakofar. Fyrirhugað sel fyrir göngufólk. (Fjallasel í SMÍ 2015)	Þjóðlenda innan Vatnajökulsþjóðgarðs
AF-5	Neðan Þjófahnjúka	Fyrirhugað sel fyrir göngufólk.	Þjóðlenda innan Vatnajökulsþjóðgarðs
AF-6	Við Kverkkvíslargil	Fyrirhugað sel við Kverkkvíslargil.	Þjóðlenda innan Vatnajökulsþjóðgarðs
AF-7	Geldingarfellsskáli	Skáli við Geldingarfell. (Fjallasel í SMÍ 2015)	Þjóðlenda innan Vatnajökulsþjóðgarðs
AF-8	Við Eyjabakkafoss	Fyrirhugað sel fyrir göngufólk austan ár.	Þjóðlenda
AF-9	Eyjakofi Bergkvíslarkofi	Fyrirhugað sel fyrir göngufólk austan ár.	Þjóðlenda innan Vatnajökulsþjóðgarðs

2.2.5 KIRKJUGARÐAR

Svæði fyrir kirkjugarða. (gr. 6.2.11 í skipulagsreglugerð)

MARKMIÐ:

Að tryggt verði grafartækt land innan sveitarfélagsins fyrir kirkjugarð.

LEIÐIR:

- Kirkjugarður er að Valþjófsstað en stækkun á kirkjugarði lauk 1997 en nægilegt rými er í honum til margra ára.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
K-1	Valþólfsstaður	Kirkjugarður við kirkju sem reist var 1966 og stækkun garðs og bætt aðgengi var lokið 1997	Valþólfsstaður

2.3 ATVINNA

2.3.1 LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu. (gr. 6.2 í skipulagsreglugerð).

Í grein 5.3.2.13. í skipulagsreglugerð segir orðrétt um mannvirki og starfsemi á landbúnaðarsvæðum við gerð deiliskipulags. "Gera skal grein fyrir og setja skilmála um mannvirki og tegund af landbúnaðarstarfsemi á bújörðum. Þegar um þauleldi er að ræða, skal gera grein fyrir áætluðum fjölda dýra, meðferða úrgangs og fjarlægð til aðliggjandi byggðar. Við staðsetningu mannvirkja sem eru óháð búrekstri viðkomandi jarðar, svo sem atvinnuhúsnæðis, íbúðar- eða frístundahúsa, skal þess gætt að notkun þeirra og starfsemi sú sem er á jörðinni geti farið saman. Áhersla skal lögð á að samnýta vegakerfi og veitur og að yfirbragð byggðar verði heildstætt."

MARKMIÐ:

Gert er ráð fyrir að góð landbúnaðarsvæði verði nýtt áfram til landbúnaðar og að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar. Á svæðunum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengjast búrekstri.

Stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita þarf leiða til uppbyggingar ýmissa stoðgreina hans í sátt við umhverfið. Ekki er heimilt að skerða landbúnaðarsvæði nema með leyfi sveitarstjórnar. Við ákvörðun mun sveitarstjórn líta til gæða og framboðs landbúnaðarlands og áhrifa á nýtingu aðliggjandi svæða.

Ræktunarsvæði eru skilgreind upp að 400 m.y.s. og er það gert vegna skógræktar. Stefnt verði að eflingu/úrvinnslu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta.

Heimarafstöðvar og smávirkjanir sem eru minni að afli en 200 kW eru heimilar á landbúnaðarsvæðum, en stærri rafstöðvar kalla á afmörkun iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi með tilheyrandi málsmeðferð.

Heimilt er að veita almenna ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum s.s gistingu og greiðasölu í hóflegu mæli. Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum fyrir almenna ferðaþjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

LEIÐIR:

- Að landbúnaður á svæðinu sé stundaður í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á lögbýlum auk þeirra íbúðarhúsa sem tilheyra búrekstrinum. Ennfremur er heimilt að byggja allt að 3 stök frístundahús á lögbýlum, þ.m.t. veiðihús, auk aðstöðu fyrir ferðaþjónustu og léttan iðnað, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Fleiri frístundahús verða einungis byggð á svæðum fyrir frístundabyggð.
- Leitast skal við að ný íbúðarhús nýti sömu heimreið og lögbýlið og vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg. Ennfremur veitur s.s. frárennslis-, raf- og fjarskiptalagnir tengist þeirri þjónustu sem fyrir er eftir föngum.
- Yfirbragð byggðar eða byggðamynstur á láglendi í Fljótsdal má kalla dreifða byggð í dölum víða með stórum trjágörðum, túnum og skógræktarsvæðum.
- Hafa skal góða byggingarlist að leiðarljósi og þá horft til húsgerðum, innbyrðis samræmis og aðlögun að eldri byggð og umhverfi. Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s. s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.
- Við byggingu smávirkjana þarf að hafa í huga áhrif á vatnsfallið, aðra landnotkun, fiska og veiði, ásýnd og lífríki.
- Heimilt verður, þar sem aðstæður leyfa á hverju lögbýli, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir ferðaþjónustu, þ.e. hótel, gistiheimili og byggingar fyrir veitingarekstri, svo fremi sem heildarstærð þeirra fari ekki yfir 1.500 m². Umfangsmeiri rekstur sem krefst stærri bygginga verður einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi.
- Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.
- Áður en ákvörðun er tekin um breytta nýtingu á hefðbundnu landbúnaðarsvæði skal meta virði svæðisins m.t.t ræktunargildis. Þetta á m.a. við þegar fyrir liggur tillaga um að nýta svæði undir skógrækt eða breyta landnotkun á landbúnaðarsvæðum í t.d. frístundabyggð.
- Hefja skal mat á landi með tilliti til ræktunargildis og því lokið á gildistíma aðalskipulagsins. Matið skal unnið í samráði við Búnaðarsamband Austurlands BSA. (Sjá skýringartexta hér að neðan um ræktunarflokka).

Til viðmiðunar skal land metið m.t.t. eftirfarandi flokkunar:

Flokkur 1. Gott ræktunarland á samfelldu sléttu svæði, framræstar mýrar og mólendi. Þessi svæði eru einkum á láglendi, en einnig annað land sem auðvelt er til jarðvinnslu með tilliti til jarðvegsgerðar og aðgengi. Miðað er við að land sé vinnanlegt niður á 25 cm dýpi svo grjót hindri ekki jarðvinnslu. Í þessum flokki er að jafnaði mikilvægasta landbúnaðarlandið og er því ekki ætlað til annarskonar landnotkunar en landbúnaðar.(sbr flokka A og B í drögum að skilgreiningu á akuryrkjulandi í skipulagi. ÁH).

Flokkur 2. Rýrt og óslétt land (melar og sandar) sem hentar verr til ræktunar. Ekki eins mikilvægt ræktunarland og því frekar hægt að fá undanþágu um að nýta það til annars s.s. skógræktar eða frístundabyggðar. (sbr. flokk C í drögum að skilgreiningu á akuryrkjulandi í skipulagi. ÁH)



Mynd 1. Skipting bújarða í ábúð eftir búrekstri.

2.3.2 SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu. (gr. 6.2.18 í skipulagsreglugerð)

Almenn þátttaka er í skógræktarverkefnum í Fljótsdalshrepp. Flestar jarðir í ábúð taka þátt og einnig nokkrar jarðir sem ekki eru lengur í ábúð . Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir að skógrækt í tengslum við Héraðs-og Austurlandsskógaverkefni sbr. Lög nr. 95/2006 verði efld. Markmið þeirra er „Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli.“ Ennfremur að stuðla að því að til verði ný atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum. Skipulagsáætlunin miðar við að skógrækt í atvinnuskyni fari vaxandi á skipulagstímabilinu. Í Fljótsdalshrepp er stunduð skógrækt á 25 jörðum. Í upphafi skipulagstímabilsins eru 14 jarðir með samninga við Héraðsskóga. Í töflu hér að aftan eru stærðir skógræktarsvæða á 25 jörðum í Fljótsdalshrepp. Ennfremur eru talin með þrjú náttúruleg skógarsvæði.

MARKMIÐ:

Stefnt að eflingu/úrvinnslu skógræktar á svæðinu sem nytjaskógrækt, landbótaskógrækt og til skjólbeltaræktunar. Stefnt er að því að endurheimta landgæði á landbúnaðarsvæðum. Beita skal beitarstýringu samhliða uppgræðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróðurbótum með skógrækt og skjólbeltarækt eftir því sem við á.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. þjóðminjalögum.

LEIÐIR:

- Skógræktaráætlanir fyrir einstakar jarðir eru unnar samkvæmt þeim kröfum sem stjórn verkefnisins gerir á hverjum tíma. Við gerð skógræktaráætlana fyrir einstakar jarðir er leitast við að tryggja fjölbreytni trjátegunda og að tillit sé tekið til sem flestra umhverfisþátta.
- Horft verði til svæða, sem henta illa til annarra nytja. Sjá kafla 2.3.1 þar sem lagt er til að landgæði verði metin í samráði við BSA.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja, sbr. kafla 2.4.6. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum en 100 m sbr. 22. gr. í lögum nr. 80/2012 en 15 m frá öðrum minjum en friðlýstum.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. Hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spillt.
- Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.

Héraðsskógar hafa á síðustu árum sent sveitarstjórn Fljótsdalshrepps útlínur skógræktarsvæða sem gerðar eru á grundvelli nákvæmrar vettvangsskoðunar og skoðunar á fyrirliggjandi gögnum um forn- og náttúruminjar en síðan er unnin skógræktaráætlun í samráði við skógarbónda.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal tilkynna um skógræktaráætlanir sem taka yfir 200 ha eða meira á hverju býli til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna, sbr. einnig 3. viðauka laganna sem og landgræðsluáætlanir á verndarsvæðum. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir eru framkvæmdaleyfisskyldar ef þær eru háðar ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum um tilkynningarskyldar framkvæmdir. Sveitastjórnir ákveða hvort skógrækt undir 200 ha. þurfi framkvæmdaleyfi (reglugerð 772/2012). Sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga.

Eftirtaldar jarðir taka þátt í skógræktarverkefnum ýmist í Héraðsskógaverkefninu eða utan.

Nr.	Heiti	Stærð(ha)	Skýring
SL-1	Droplaugarstaðir	182	
SL-2	Arnheiðarstaðir	20	
SL-3	Geitagerði	34,7	
SL-4	Brekkugerðishús	95	
SL-5	Brekkugerði	107	
SL-6	Brekka	23	Fljótsdalsáætlun eldri
SL-7	Hjarðarból	5,5	Fljótsdalsáætlun eldri
SL-8	Melar	71	
SL-9	Bessastaðir	38	Land Eyrarlands og Bessastaða í óskiptri sameign
SL-10	Eyrarland	41	Land Eyrarlands og Bessastaða í óskiptri sameign
SL-11	Skriðuklaustur	40	Ríkisjörð skógrækt í umsjá Skógræktar ríkisins
SL-12	Valþjófsstaður I	58	
SL-13	Valþjófsstaður II	19,2	
SL-14	Hóll	87	
SL-15	Þuríðarstaðir	88	
SL-16	Kleif	36,7	Kleifarskógur (Skógur og kjarr)*
SL-17	Glúmsstaðir I	8	
SL-18	Langhús	72	
SL-19	Arnaldsstaðaskógur	160	Ríkisjörð umsjá Skógræktar ríkisins (Skógur og kjarr)*
SL-20	Þorgerðarstaðir	200	
SL-21	Sturluflöt	193	
SL-22	Víðivallagerði	378	
SL-23	Víðivellir fremri	152	
SL-24	Klúka	18	
SL-25	Víðivellir ytri II	93	
SL-26	Víðivellir ytri I	118	
SL-27	Hrafnkelsstaðir	18	
SL-28	Vallholt	23,5	
SL-29	Ranaskógur	119	Skógarsvæði á náttúruminjaskrá (Skógur og kjarr)*
		2498,6	Samtals ha í skógræktarverkefnum

*„Skrá um skóga og skógrækt 2012“ gögn frá Mógilsá.



Mynd 2. Skógar og skógræktarsvæði í Fljótsdalshreppi.

2.3.3 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila. (gr. 6.2.4 í skipulagsreglugerð).

MARKMIÐ:

Stuðlað verði að þjónustustarfsemi í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu. Gert er ráð fyrir að starfsemi núverandi þjónustustofnana geti eflst og vaxið, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.

LEIÐIR:

- Bætt aðgengi að þjónustustofnunum til að auka nýtingu á einstökum stofnunum.

Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félags-heimili, meðferðarheimili og skólar. Notkun á landi sem tilheyrir hlutaðeigandi stofnunum er háð samþykktu deiliskipulagi.

Í yfirliti yfir staði í flokki þjónustustofnana í sveitarfélaginu er tilgreint hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar.

Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s. s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.

Í Fljótsdalshreppi eru eftirfarandi þjónustustofnanir og eru þær táknaðar með appelsínugulum lit og númeri á skipulagsuppdrætti.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
S-1	Skriðuklaustur	Menningarmiðstöð, veitingasala o.fl. Stærð svæðis 1,89 ha.	Skriðuklaustur
S-2	Végarður	Félagsheimili og skrifstofa sveitarfélagsins. Stærð svæðis 4,1 ha.	Végarður
S-3	Valþjófsstaður	Kirkja, vígð 1966.	Valþjófsstaður
S-4	Snæfellsstofa	Starfsstöð og gestastofa fyrir Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs vígð 26.júní 2010. Minjagripaverslun er í gestastofunni með áherslu á vörur úr heimabyggð og nágrannasveitum þjóðgarðsins. Stærð svæðis 3,3 ha. Deiliskipulag liggur fyrir.	Skriðuklaustur
S-5	Egilsstaðir	Óbyggðasafn stærð svæðis 0,7 ha.	Egilsstaðir

2.3.4 VERSLUN- OG ÞJÓNUSTA

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum. (gr. 6.2.3 í skipulagsreglugerð).

MARKMIÐ:

Stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu. Gert er ráð fyrir að svæðin geti eflst og þannig rennt styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.

LEIÐIR:

- Yfirbragð nýbygginga vönduð og falli að umhverfi. Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s. s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.
- Að byggð verði upp aðstaða fyrir ferðamenn til að þeir dvelji lengur á svæðinu en þeir gera nú.
- Merkja þarf gönguleiðir á svæðum sem hafa útivistargildi. Úrbætur á aðstöðu til móttöku ferðamanna á vinsælum áningarstöðum í sveitarfélaginu, s.s. við Hengifoss.

Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki verslunar- og þjónustusvæða í sveitarfélaginu og tilgreint hverskonar starfsemi fer fram á þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar.

Á uppdrætti fá verslunar- og þjónustusvæði gult tákn og númer.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
VÞ-1	Hengifoss	Svæðið er ætlað fyrir verslun og þjónustu með möguleika á uppbyggingu fyrir minniháttar móttöku fyrir ferðamenn. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Staðsetning krefst að vandað verði til yfirbragðs nýbygginga.	Melar/Hjarðarból
VÞ-2	Eyrarland-Bessastaðir	Svæðið er ætlað fyrir verslun og þjónustu í bland við íbúðir. Stærð þjónustuhluta svæðis 2 ha. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Lega að gatnamótum krefst að vandað verði til yfirbragðs nýbygginga.	Eyrarland/Bessastaðir
VÞ-3	Végarður	Tjald-, hjólhýsasvæði og gistihús, stærð lóðar alls 4,1 ha. Deiliskipulag frá 2008.	Végarður
VÞ-4	Laugarfellsskáli	Á svæðinu er fjallaskáli vígður 2011. Skálinn rúmar 38 manns í gistingu. Deiliskipulag staðfest 2007. Vandað yfirbragð nýbygginga og fellur vel að umhverfi. (Skáli í SMÍ 2015)	Þjóðlenda

Mynd 3. Laugarfellsskáli vönduð mótun bygginga og umhverfis.

2.3.5 IÐNAÐARSVÆÐI

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Afmarka þarf iðnaðarsvæði fyrir virkjanir í orkunýtingarflokki og setja skipulagsákvæði til samræmis við verndar- og orkunýtingaráætlun. (gr. 6.2.6 í skipulagsreglugerð).

MARKMIÐ:

Iðnaðarsvæði eru af fleiri enn einni gerð eins og ákvæði skipulagsreglugerða segja til um. Verksmiðjur, virkjanir tengivirki og hinsvegar margvísleg starfsemi sem lýtur að meðferð hverskonar affalls eða úrgagns. Leita skal hagkvæmra leiða til að draga úr magni úrgangs til förgunar. Unnið verði að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt. Áhersla verður lögð á jarðgerð lífræns úrgangs.

LEIÐIR:

- Frágangur urðunarstaðar verði samkvæmt reglum og vandaður að útliti. Afmörkun og staðsetning iðnaðarsvæða taki mið af þörfum atvinnulífsins.
- Yfirbragð nýbyggðra iðnaðarmannvirkja verði vönduð og falli að umhverfi. Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s. s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.
- Viðhaldið verði núverandi fyrirkomulagi sorphirðu.

Samkvæmt lögum nr 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum á að tilkynna smávirkjanir með uppsett afl 100 kW og stærri til Skipulagsstofnunar. Einnig er gert ráð fyrir að á skipulagstímabilinu verði skoðaðir fleiri orkuframleiðslumöguleikar verður tekið á því eftir sem þörf krefur hverju sinni. Framkvæmdir þessar þurfa að taka mið af gildandi lögum á hverjum tíma. Iðnaðarsvæði eru táknuð með dökkgráum lit og númeri á skipulagsuppdrætti.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
I-1	Á Gilsáreyrum	Gamall urðunarstaður brotajárns. Önnur starfsemi ekki fyrirhuguð	Vallholt
I-2	Neðan Valþjófsstaðar	Safngryfja fyrir seyru, viðurkenndur staður. Önnur starfsemi ekki fyrirhuguð	Valþjófsstaður
I-3	Valþjófsstaður	Gryfja frá níunda áratugnum fyrir riðufé. Önnur starfsemi ekki fyrirhuguð	Valþjófsstaður
I-4	Skriðuklaustur	Skráð miltisbrandsgröf nr. A350 og með hnitin 65.02.489 N og 14.57.148 V. Önnur starfsemi ekki fyrirhuguð.	Skriðuklaustur
I-5	Dælustöð	Dælustöð vegna virkjunar í Fljótsdal.	Skriðuklaustur
I-6	Hvammseyri	Iðnaðarsvæði fyrir úrvinnslu skógar- og landbúnaðarafurða.	Valþjófsstaður
I-7	Fljótsdalsstöð	Stöðvarmannvirki Kárahnjúkavirkjunar nær yfir helstu framkvæmdasvæði virkjunar í Fljótsdal og Norðurdal og yfir Teigsbjarg, Bjargshæðir og Miðfell, allt norður undir Klausturhæð þar sem er nyrsta haugsvæðið. Einnig einn urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang steypubrot. Svæðið er alls um 10 km^2.	Valþjófsstaður
I-8	Kelduárlón, Ufsarlón og Hraunaveita	Uppistöðulón vegna Kárahnjúkavirkjunar.	Þjóðlenda
I-9	Haugsvæði	Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang steypubrot	
I-10	Við aðgöng 2	Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang steypubrot	
I-11	Hraunaveita	Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang steypubrot	
I-12	Hamborgarmelar	Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang steypubrot	

2.3.6 ÚRGANGSSTJÓRNUN

Fyrirkomulag úrgangstjórnunar í Fljótsdalshreppi er þannig að flokkun fer fram á heimilissorpi, almennu sorpi í flokkanlegt og lífrænt sorp. Lífrænt sorp er ekki sótt heldur er heimilum lagðar til sérstakar tunnur fyrir þann úrgang. Öðrum úrgangi er safnað og ýmist urðaður á viðurkenndum urðunarstöðum eða fer í endurvinnslu. Þetta á við um heimili sem greiða sorpgjald.

Fyrirtækjasorpi er ekki alfarið sinnt af sveitarfélaginu en fyrirtæki í sveitarfélaginu eru með samninga við rekstraraðila um ílát og tæmingu. Sveitarfélagið lætur t.d. hirða sorp sem safnast hefur frá Félagsheimilinu Végarði og á opnu svæði við Hengifossá, þetta sorp er ekki flokkað. Óvirkur úrgangur (steypuúrgangi) var urðaður á 5 stöðum í sveitarfélaginu og eru staðirnir allir tengdir framkvæmdum vegna virkjunar framkvæmda á tímabilinu 2004 - 2008.

Fljótsdalshreppur hefur auk þessa verið með tímabundið eða til lengri tíma leigugáma fyrir járn, timbur, almennt/óflokkanlegt sorp og spilliefni (rafgeyma), þar geta íbúar og fyrirtæki komið með sorp sem sveitarfélagið sér svo um að koma í förgun eða úrvinnslu. Sveitarfélagið hefur einnig boðið upp á þá þjónustu að ef bændur standa í einhverjum sérstökum þrifnaðarframkvæmdum geti þeir fengið til sín tímabundið gáma fyrir járn og timbur .

Rotþrær eru við alla bæi og fyrirtæki. Þrær sem teljast á vegum sveitarfélagsins eru tæmdar annað hvert ár eða oftar ef þess gerist þörf.

2.3.7 EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda. (gr. 6.2.7 í skipulagsreglugerð).

MARKMIÐ:

Að skipulagið geri ráð fyrir að framboð á efni sé aðgengilegt og nægjanlegt og að efnistaka og –vinnsla hafi sem minnst umhverfisáhrif í för með sér.

LEIÐIR:

- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.

Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir efnisnámum til sveitarstjórnar, í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010. Leyfið er ennfremur háð ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Leita skal umsagnar Umhverfistofnunar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út ef ekki er í gildi staðfest aðalskipulag. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistgerðir sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga, sbr. 47. gr. sömu laga. Þá verður að leita leyfis Umhverfisstofnunar ef um er að ræða efnistöku á svæðum sem eru friðlýst skv. 38. gr. laga um náttúruvernd eða ef efnistakan fer fram á verndarsvæði skv. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr 106/2000.

- Starfsleyfi. Heilbrigðiseftirlit Austurlands veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999 m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft i för með sér mengun.
- Áætlun um vinnslu. Landeigendur og sveitarstjórn geri áætlun um efnistöku í samræmi við gildandi lög. Skv. 48. gr. náttúruverndarlaga skal áður en framkvæmdaleyfi er veitt liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæða.
- Mat á umhverfisáhrifum. Ef áætluð efnistaka raskar 50.000 m^2 (5 ha) svæði eða stærra eða er 150.000 m^3 eða meiri er hún háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000, viðauka 1. Ennfremur efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 50.000 m^2 svæði eða stærra. Þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku skv. 6. gr. sömu laga og viðauka 2, þegar um er að ræða efnistöku sem raskar 25.000 m^2 (2.5 ha) svæði eða stærra eða ef magn jarðefna er 50.000 m^3 eða meira. Ennfremur ef um er að ræða efnistöku á verndarsvæðum.
- Áhrif á lífríki vatna. Leyfi Fiskistofu þarf að liggja fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki veiðivatna, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 m.s.br. um lax- og silungsveiði en þar segir: „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Landbúnaðarstofnunar.“ Heilbrigðisnefndir veita starfleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Eftirfarandi yfirlit er yfir núverandi og áætluð efnistökusvæði í Fljótsdalshreppi. Ekki liggur fyrir vinnslutími né áætluð efnistaka á öllum efnistökusvæðum.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Staða/efnismagn	Jörð
E-1	Bolalækur	Malarnáma.	Efnismagn <50.000 m^3 og stærð < 25.000 m^2.	Arnheiðarstaðir
E-2	Arnheiðarstaðir	Setnáma neðan vegar.	Efnismagn <15.000 m^3.	Arnheiðarstaðir
E-3	Hölknármelar	Malarnáma.	Efnismagn < 50.000 m^3 og stærð < 25.000 m^2.	Brekka
E-4	Gilsáreyri	Möl í árfarvegi.	Efnismagn <50.000 m^3 og stærð < 25.000 m^2.	Vallholt
E-5	Hamborgarmelar/ Bessastaðaá	Tveir samliggjandi staðir í árfarvegi og sethjalli.	Efnismagn <100.000 -500.000 m^3	Hamborg/ Bessa-staðir/ Eyrarland
E-6	Jökulsá	Möl í árfarvegi.	Efnismagn < 50.000 m^3. Stærð < 25.000 m^2.	Víðivellir Ytri I
E-7	Kelduá	Árfarvegur Kelduár.	Efnismagn <50.000 m3.20.000m^2	Víðivellir Ytri II
E-8	Valþjófsstaður	Við vegamót neðan við Végarð.	Efnismagn <25.000 m^3.	Valþjófsstaður
E-9	Drangseyri	Grjótnám einkum notað við rofvarnir straumvatna.	Efnismagn <20.000 m^3	Langhús
E-10	Glúmsstaðir I og II	Malarhjallar.	Efnismagn <50.000 m^3 og stærð < 25.000 m^2	Glúmsstaðir II
E-11	Egilsstaðir	Malarhjalli.	Egilsstaðir <15.000 m^2	Egilsstaðir
E-12	Sturluá	Malarnáma við ármót Sturluár og Kelduár.	Magn >50.000 m^3	Víðivallagerði og Sturluflöt
E-13	Brekkugerðishús	Set náma neðan vegar.	Magn <50.000 m^3 og stærð 20.000 m^2	Brekkugerðishús
E-14	Laugarfell	Malarhjallar.	Magn >50.000 m^3	Sunnan í Laugarfelli
E-15	Norðasta fell	Grjótnám.	Magn > 10.000 m^3	Vestan í Klausturhæð
E-16	Austan við Langhús	Malarnáma.	Magn > 10.000 m^3	Langhús

2.4 UMHVERFI

2.4.1 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum. (gr. 6.2.19 í skipulagsreglugerð).

MARKMIÐ:

Taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum.

LEIÐIR:

- Lögð skal áhersla á uppbyggingu þeirra þjónustukerfa sem koma ferðaþjónustu að gagni, s.s. merkingu á gönguleiðum og uppbyggingu á áfangastöðum.
- Í aðalskipulaginu eru gönguleiðir skilgreindar á óbyggðum svæðum.
- Að bætt verði merking á söguslóðum innan svæðisins.
- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á óbyggðum svæðum og því eru gangnakofar, veiðihús, reiðleiðir, vegir o.fl. afmörkuð sérstaklega með viðeigandi landnotkunarflokkum.

Meiri hluti sveitarfélagsins er í flokknum óbyggð svæði en allt land ofan 400 m.y.s. er skilgreint í þessum flokki. Á þessum svæðum eru helstu vatnsverndarsvæðin í sveitarfélaginu. Vatnajökull tilheyrir líka flokknum óbyggð svæði þó hann fái ekki sama landnotkunarlit og gilda því sömu ákvæði um hann og um óbyggð svæði.

2.4.2 VATNSVERND

Svæði sem njóta verndar í samræmi við vatnaáætlun eða ákvæði reglugerða er varða vatnsvernd og mengun vatns. (gr. 6.3.6 í skipulagsreglugerð)

MARKMIÐ:

Staðið verði vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.

LEIÐIR:

- Vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grannsvæðum eða fjarsvæðum þeirra.

Vatnsverndarsvæðum er skipt í 3 flokka; i) brunnsvæði, ii) grannsvæði og iii) fjarsvæði og er afmörkun þeirra sýnd á landnotkunaruppdrætti.

FLOKKUR I. BRUNNSVÆÐI

Brunnsvæði ná til vatnsbóla og næsta nágrennis þeirra. Verndarákvæði brunnsvæða eru þessi:

- Svæðin skulu vera algjörlega friðuð fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
- Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

FLOKKUR II. GRANNSVÆÐI

Utan við brunnsvæði taka við grannsvæði vatnsbóla sem eru aðrennslissvæði grunnvatns. Verndarákvæði grannsvæða eru þessi:

- Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.
- Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu.
- Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

Eftirfarandi vatnsveitur eru með starfsleyfi frá HAUST (veitur sem þjóna atvinnustarfsemi, ferðaþjónustu og mjólkurframleiðslu):

Veita	Staðsetning	Leyfi útgefið
Landsvirkjun, Fljótsdalsstöð. Vatnsveita í Fljótsdal.	Fljótsdalur	22.9.2008
Landsvirkjun, vatnsveita við inntaksmannvirki við Ufsarlón	Ufsastífla	22.9.2008
Stofnun Gunnars Gunnarssonar, vatnsveita, Skriðuklaustur, Snæfellstofa og Végarður hreppsskrifstofa og ferðaþjónusta.	Fljótsdalur	8. 8. 2008.
Fljótsdalshreppur, Vatnsveita við Laugarfell	Laugarfell	19.5.2011

FLOKKUR III. FJARSVÆÐI

Fjarsvæði er á vatnasviði vatnsbóla en liggur utan þess lands sem telst til I. og II flokks verndarsvæða. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp

  í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Ekkert svæði verður staðfest sem fjarsvæði í Fljótsdal.

Í skipulagsáætluninni eru sýnd þrengstu mörk verndarsvæða vatnsbóla fyrir stærri vatnsveitur á skipulagssvæðinu. Um verndarsvæði vatnsbóla gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.

Áætlunin skilgreinir verndarsvæði vatnsbóla einstakra jarða í dreifbýli sem eru í matvælaframleiðslu eða þjónustu.

Að beiðni sveitarstjórnar mun Heilbrigðisnefnd Héraðssvæðis í samráði við HAUST annast gerð könnunar á ástandi vatnsbóla samkvæmt ákvæðum reglugerðar um neysluvatn. Vatnsból og vatnsverndarsvæði í dreifbýli sem eru í þjónustu hafa forgang.

2.4.3 VERNDARSVÆÐI VEGNA STRANDMENGUNAR OG MENGUNAR Í ÁM OG VÖTNUM

MARKMIÐ:

Að vatnsgæði verði ávallt til fyrirmyndar.

LEIÐIR:

- Stefnt er að því að Heilbrigðiseftirlit Austurlands í samráði við sveitarstjórn, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna og skal því lokið á gildistíma aðalskipulagsins.
- Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns. Vatnasvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns.

- Flokkur A: Ósnortið vatn
- Flokkur B: Lítið snortið vatn
- Flokkur C: Nokkuð snortið vatn
- Flokkur D: Verulega snortið vatn
- Flokkur E: Ófullnægjandi vatn

Framangreind flokkun á vatnasvæðum í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram fyrir sveitarfélagið í heild sinni.

2.4.4 FRIÐLÝST SVÆÐI

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar. (gr. 6.3.2 í skipulagsreglugerð)

MARKMIÐ:

Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.

LEIÐIR:

- Með tillögu að hverfisvernd svæða er stuðlað að samtengingu svæða sem eru á náttúruminjaskrá.

Jarðmyndanir og vistgerðir

Samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þau eru:

- Eldvörp, gervigígar og eldhraun.
- Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m^2 að stærð eða stærri.
- Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri.
- Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m^2 að stærð eða stærri.
- Sjávarfitjar og leirur.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á svæðinu sem ákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær verið kortlagðar. Skipulagsáætlunin er því sett fram með þeim annmörkum. Leita skal umsagnar Umhverfistofnunar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, sbr. 13. og 53. gr. skipulagslaga nr.123/2010, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á ákveðnum jarðmyndunum og vistkerfum. Minnt er á að samkvæmt 38 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum.

Vatnajökulsþjóðgarður.

Hluti af Vatnjökulsþjóðgarði er innan Fljótsdalshrepps eða austursvæði hans.

Markmið með friðlýsingu Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans sem þjóðgarðs eru:

- Að vernda náttúru svæðisins, s.s. landslag, lífríki og jarðmyndanir, og menningarminjar þess.
- Að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru svæðisins, menningar þess og sögu.

- Að veita fræðslu um náttúru og náttúruvernd, sögu, mannlíf og menningarminjar svæðisins og stuðla að rannsóknum til að efla þekkingu á þessum þáttum.
- Að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins.

Nr.	Heiti	Lýsing
FS-1	Vatnajökulsþjóðgarður	Skv. lögum nr. 60/2008 og reglugerð 608/2008 með síðari breytingum. Sjá einnig Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðaþróun. Upphaflega staðfest 28. febrúar 2011. Síðasta útgáfa var samþykkt 12.júlí 2013. Tekur yfir svæði á náttúruminjaskrá innan staðarmarka Fljótsdalshrepps.

Mynd 4. Snæfellsstofa – starfsstöð og gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs að Skriðuklaustri

Snæfellsstofa starfsstöð og gestastofa fyrir Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarð var vígð í júní 2010 er aðalbækistöð VJÞ á Austursvæðinu.

Eyjabakkasvæðið, austurhlíðar Snæfells ásamt Hafursárlóni, Hafursárufs, Snæfellsnesi, Þóriseyjum og inn að jökli, er sá hluti Vatnajökulsþjóðgarðs innan Fljótsdalshrepps sem nýtur verndar á grundvelli Ramsarsamningsins. Ramsarsvæði eru votlendissvæði með alþjóðlegt gildi, einkum fyrir búsvæði fugla. Svæðið er lykilsvæði fyrir fellistöðvum á Heiðagæs, Anser brachyrhynchus, á sumrin. Með samningi sem var undirritaður 4.febrúar 2013 var gefið út skjal og uppdráttur sem sýnir afmörkun svæðisins. Sjá mynd 6.

2.4.5 ÖNNUR NÁTTÚRUVERND

Svæði á náttúruminjaskrá, þ.m.t. svæði í náttúruverndaráætlun, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun. (gr. 6.3.4 í skipulagsreglugerð)

SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Á náttúruminjaskrá eru svæði sem að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að friðlýsa skv. náttúruverndarlögum. Í töflu hér að neðan er svæðum á náttúruminjaskrá lýst nánar eins og þau birtast orðrétt í náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
ÖN-1	644 Geitagerðisbjarg	(1) Berghryggur suður og niður úr hlíðinni fyrir ofan bæinn Geitagerði. (2) Jökulsorfinn berghryggur sem myndar þverhnípi að bænum. Í hraunlagi undir hryggnum eru för eftir trjáboli. Uppi á hryggnum utan til eru nokkrir sívalir skessukatlar, Hlandkollur.
ÖN-2	617 Hengifossárgljúfur	Gljúfrið með Hengifossi og Litlanesfossi. (2) Sérstæð umgjörð um Hengifoss, einn hæsta foss landsins, og stuðlabergsmyndanir við Litlanesfoss.

ÖN-3	645 Strútsfoss í Suðurdal	(1) Strútsfoss og aðrir fossar í gilinu frá ármótum við Fellsá ásamt 500 m breiðu belti beggja vegna. (2) Stórbrotið hamragil, allt að 200 m djúpt, litfagurt með klettadröngum og stöpum. Fyrir botni gilsins er Strútsfoss, einn af hæstu fossum landsins, rúmlega 100 m hár, en tvískiptur. Birkikjarr er í gilinu utanverðu og hvannstóð við fossinn.
ÖN-4	618 Ranaskógur og Gilsárgil	Gilsáreyri, Gilsárgil og Gilsárdalur ásamt Ranaskógi austan Vallholts og Tófuaxlar. (2) Stórbrotið gljúfur og vöxtulegur skógur. Unnið er að því að minnka svæðið á uppdrætti og stærð þess verði í samræmi við lýsingu í Náttúruminjaskrá. Breyting á afmörkun verndarsvæðis er unnin í samráð við alla sem varðar málið bæði heima fyrir og í stjórnsýslunni. Meðan ný mörk hafa ekki verið staðfest er afmörkun sbr. náttúruminjaskrá UST sýnd.  Tafla 1. Skýringarmynd sem sýnir fyrirhugaða breytingu á afmörkun svæðisins.

Mynd 5. Hreindýrahjörð á Fljótsdalsheiði 2012.



Mynd 6. Verndarsvæði í Fljótsdalshreppi.

2.4.6 MINJAVERNDARSVÆÐI

Friðlýstar fornleifar og önnur mannvirk friðuð hús samkv. 18.gr. laga nr.80/2012. Ennfremur þekktar fornminjar eldri en 100 ára sem ákveðið hefur verið að setja takmörkun á landnotkun um að höfðu samráði við Minjastofnun Íslands. (gr. 6.3.5 í skipulagsreglugerð)

MARKMIÐ:

Taka skal tillit til friðlýstra fornleifa og þekktra fornminja 100 ára og eldri áður en ráðist er í byggingaeða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir. Í landfrekum nýtingaráætlunum s.s. skógræktaráætanir og nytjarækun hverskonar og vegaframkvæmdir skal tekið tillit til fornminja, í samráði við Minjastofnun Íslands. Ekki er leyft að raska landi nær friðlýstum minjum en 100 m sbr. gr 22. í lögum ne 80/2012.

LEIÐIR:

- Mikilvægt er að vinna heildar skráningu menningarminja í Fljótsdalshrepp úr fyrirliggjandi gögnum bæði fornleifa- og húsaskráningu.
- Markvisst verði unnið að því að nýta þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Skriðuklaustri til að kynna staðinn og koma honum á framfæri.
- Örnefnaskrár í sveitarfélaginu verði endurskoðaðar.
- Leitast skal við að merkja fornleifar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja að þær verði skemmdar.
- Ferðaþjónusta sem byggir á menningarminjum í sveitarfélaginu verði efld.
- Merkingar á minjum í sveitarfélaginu verði bættar, t.d. verði sett upp merki við þjóðveginn sem vísi á merka staði, fjarlægð frá þeim o.s.frv.

Friðlýstar fornleifar

Í Minjalögum segir að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar forna mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á". Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, t.d. eru kirkjur reistar fyrir 1918 friðlýstar skv. þjóðminjalögum.

Um friðhelgi og merking minja segir í . 22. gr. laga nr 80/2012. Að „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið."

Á deiliskipulagsstigi verða fornminjar staðsettar í nákvæmum mælikvarða en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi o.fl.

Á einstökum svæðum þar sem sérstakar aðstæður krefjast fer fram nákvæm skráning og kortlagning fornminja. Þá ber að leggja fram yfirlit yfir fornleifar í tengslum við skógræktaráætlanir og umhverfismatsskyldar stórframkvæmdir s.s. nytjaræktun, vegagerð, háspennulínur, virkjanir og efnisnámur. Leitað verður umsagnar Minjastofnunar Íslands við þessar framkvæmdir.

Fornleifarnar eru listaðar upp hér á eftir og auðkenndar á skipulagsuppdrætti, eins og nákvæmni uppdráttar leyfir.

Í friðlýsingaskrá Minjastofnunar Íslands frá 1990 eru tvæ friðlýstar fornminjar á byggðahluta Fljótsdalshrepps. Auk þess eru tekin dæmi um forminjar sem skráðar hafa verið og fyrirliggja nákvæm gögn um og eru yfir 100 ára. Tvær í hálendishlutanum og ein í byggð. Þessir minjastaðir, bæði friðlýstir og fornminjar, eru staðfestir í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps.

Í töflu hér á eftir er gerður greinarmunur á friðlýstum fornminjum og fornminjum. Samantekt úr friðlýsingartexta er birtur, ennfremur lýsing úr skráningu. Númer minja eru skráningarnúmer í fornleifaskrá Minjastofnunar Íslands. Minjarnar eru taldar upp hér að aftan eftir býlum eða afréttum og er orðrétt tilvísun í skrána. Tilgreint er ef minjarnar

eru þinglýstar. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á landnotkunaruppdrætti sem punktur, ef þær hafa verið staðsettar og mælikvarði korts leyfir.

Nr.	Friðlýstar fornminjar	Lýsing
MV-1	Skriðuklaustur	Kirkjugarður með kirkjutóft undir brekkunni við bæjarhúsin á Skriðuklaustri eru friðlýstar samkv. lögum. Sbr. skjal undirritað af ÞM 23.12.1988 og þinglýst 30.12.1988. Verndaráætlun fyrir minjasvæðið að Skriðuklaustri var samþ. 19.ágúst 2012
MV-2	Bessastaðir	Forn tóft, um 60-70 fet á lengd, í litlum, fögrum hvammi útsunnanvert við Bessastaðaá, litlu ofar en hún kemur fram úr gljúfrunum.80 Sbr. Árb. 1893: 36. b. Bessahaugur, svo nefndur, fyrir sunnan túnið. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 10.07.1931..
MV-3	Skriðuklaustur hús skáldsins	Byggingarár: 1938-1939. Hönnuður: Fritz J. F. Höger arkitekt. Friðað af menntamálaráðherra 19. maí 2008 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðun nær til ytra borðs hússins.
	Dæmi um skráðar fornminjar	
MV-4	Urðarsel	Þyrping tófta sem gætu bent til þess að þar væri fornt sel. (NM-155-003 A og B) Könnun var gerð samhliða deiliskipulagi vegna frístundabyggðar í landi Víðivalla ytri.
MV-5	Laugarfell	Upphlaðin laug (NM 217-3166-003) tóftir Laugakofa og hesthúss. Könnun var gerð samhliða deiliskipulagi vegna uppbyggingar í Laugarfelli.
MV-6	Hálskofi	Hálskofi við Snæfell.

2.4.7 HVERFISVERNDARSVÆÐI

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum. (gr. 6.3.7 í skipulagsreglugerð)

MARKMIÐ:

Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.

LEIÐIR:

- Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu. Í aðalskipulaginu eru staðir skilgreindir sem hverfisverndarsvæði.
- Markvisst verði unnið að því að nýta þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Skriðuklaustri til að kynna staðinn og koma honum á framfæri. Ferðaþjónusta sem byggir á menningarminjum í sveitarfélaginu verði efld.
- Örnefnaskrár í sveitarfélaginu verði endurskoðaðar. Merkingar á minjum í sveitarfélaginu verði bættar, t.d. verði sett upp merki við þjóðveginn sem vísi á merka staði, fjarlægð frá þeim o.s.frv.
- Ræktunarminjum í sveitarfélaginu s.s. áveituskurðum, beðasléttum, túngörðum o.fl. verði haldið til haga.

Helstu ákvæði hverfisverndar eru þessi eftir því sem við á:

- Ekki er gert ráð fyrir að hefðbundin landbúnaðarnýting breytist við verndunina.
- Rask skal ekki fara nær þekktum fornminjum en 100 m.
- Nauðsynlegar framkvæmdir, s.s. til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna eru heimilar.
- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og þess jafnan gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

- Að öðru leyti gilda ákvæði minjalaga varðandi þekktar fornleifar, náttúruverndarlaga þar sem um er að ræða svæði á náttúruminjaskrá.
- Lögð er áhersla á snyrtilega umgengni og hirðusemi.
- Sveitarstjórn getur sett frekari reglur um hverfisvernduð svæði síðar.

Nr.	Heiti	Lýsing og hverfisverndarákvæði
HV-1	Bessastaðaárgil og fjallshlíðin ofan við Skriðuklaustur og Valþjófsstað með Tröllkonustíg (vegna fornminja landslags og náttúrverndar)	Valþjófsstaðafjall er reglulegt og formfagurt, með láréttum klettabeltum, sem eru brydduð með birkitrjám neðan til í fjallinu, og gríðarmiklum berggangi, Tröllkonustíg (Skessustíg), sem skásker fjallið til norðurs, og vekur athygli margra er í Fljótsdal koma. Fjallið tilheyrir Valþjófsstað og Skriðuklaustri. Bessahaugur er skammt utan marka, á túninu skammt innan við bæjarhúsið að Eyrarlandi ennfremur tóft í hvammi norðan við Bessastaðaá. Þingvöllur. Bessastaðaárgil er gríðarmikið hamragil, allt að 200 m djúpt og vítt, með fjölbreyttum setbergslögum, steingervingum frá tertíertíma og nokkrum fossum. Hæstur þeirra er Jónsfoss, nálægt miðju gili, en neðan við hann er tangi með stuðlabergi. Neðst í gilinu að utanverðu er víður og vel gróinn hvammur. Þar er grjóthlaðinn nátthagi og stekkur. Örnefnið Goðaborg er neðst í gilinu að innanverðu, og neðan við gilsmynnið er Drekkingarhylur. Gilið tilheyrir jörðunum Hamborg og Skriðuklaustri.(H.H.)

2.4.8 NÁTTÚRUVÁ

Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri). (gr. 6.3.1 í skipulagsreglugerð)

MARKMIÐ:

Þess verði gætt að íbúðarbyggð og frístundabyggð verði ekki skipulögð á hættusvæðum.

LEIÐIR:

- Hættusvæði vegna ofanflóða verði kortlögð enn frekar á skipulagstímabilinu.
  Í skipulagsreglugerð (nr. 90/2013) kafla 6, gr. 6.3, sem fjallar um svæði undir náttúruvá segir m.a. að í svæðis- og aðalskipulagi skuli auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Jafnframt skal gera grein fyrir byggðum eða fyrirhuguðum varnarvirkjum. Í deiliskipulagi skal síðan útfæra þetta nánar m.a. skilyrði um styrkingu og útfærslu mannvirkja.

Ofanflóð

Ekki hefur verið gerð heildstæð úttekt á hættu vegna ofanflóða í Fljótsdalshreppi. Svæðið er utan jarðskjálfta- og eldgosasvæða og settur er því fyrirvari um gerð staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (nr. 49/1997) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð staðbundins hættumats (nr. 495/2007). Við vinnslu nýs deiliskipulags og við útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfi þarf í hvert og eitt sinn að meta hvort þörf sé á staðbundnu hættumati.

Samkvæmt heimildum Ólafs Jónssonar, aðalhöfundar bókarinnar ,,Skriðuföll og snjóflóð“, eru Múlasýslurnar þekkt hamfarasvæði af völdum skriðufalla og snjóflóða. Samkvæmt heimildum hans eru skráð skriðuföll á liðnum öldum nokkuð algengari í Múlasýslum en í öðrum landshlutum. Líklega má rekja tíðni jarðvegsskriðufalla til jarðfræði svæðisins en grunnt er niður á fast berg og jarðvegsþekja því þunn. Jarðvegsskriður verða oftast í kjölfar mikillar úrkomu þannig

að jarðvegurinn flýtur af stað ofan á berginu. Þekktustu skriðusvæðin í Fljótsdal eru í austurhlíðum Múlans í Suðurdal. Ólafur greinir frá 35 skriðum sem fallið hafa við a.m.k. 15 bæi í Fljótsdal, þar af 12 bæi í byggð. Af nýlegum skriðuföllum má nefna skriðu í Norðurdal, en hún féll í miklu úrkomuveðri í desember 1997, við Valþjófsstað og í Suðurdal árið 1998 og nú síðast í janúar 2014 við Skriðuklaustur.

Snjóflóð og krapaflóð

Mat á því hvort einhver svæði séu óbyggileg vegna ógnanna liggur ekki fyrir. Veðurstofa Íslands vinnur opinbert hættumat fyrir landsvæði vegna ofanflóðahættu. Til álita kemur hvort meta eigi aðstæður í dölunum inn af Fljótsdal. Heimildir eru um tvö snjóflóð í Fljótsdal frá fyrri tíð.

Jarðskjálftar og eldvirkni

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina ag = 0,4 (0,4g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,3g. Síðan koma 0,2g, 0,15g og að lokum 0,1g. Við hönnun á mannvirkjum er því notast við fyrrnefnda hönnunarhröðun hvers svæðis. Fljótsdalshreppur er á svæði utan áhættuflokka. Fljótsdalshreppur liggur utan skjálftasvæða Íslands.



Mynd 7. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 50 ára meðalendurkomutíma. Heimild: Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall.

Flóð vegna stíflurofs

Í tengslum við umhverfismat vegna Kárahnúkavirkjunar var unnin skýrsla vegna mats á stíflurofi og flóðahætti á láglendi. Þar segir: „Skoðuð hafa verið flóð sem gætu myndast vegna rofs stífla við Hálslón auk rofs stífla við tvær stærstu miðlanirnar í veituhluta Kárahnjúkavirkjunar. Einnig var lagt gróft mat á flóð úr Kelduárlóni og Ufsárlóni niður í Lagarfljót. Veitulónin verða mun minni en Hálslón, Kelduárlón verður um 7 km^2 og Ufsárlón um 1 km^2 við yfirfallshæðir þeirra. „Ennfremur segir í skýrslunni að „ Reiknað flóð úr Kelduárlóni er rénað við innrennsli í Lagarfljót um hálfum sólarhring eftir að það hefst og flóð úr Ufsarlóni um 6 klst. eftir upphaf“.

Nánari greiningu á þessum atriðum er að finna í skýrslu um viðbragsáætlun vegna rofs stífla Kárahnjúkavirkjunar (LV-2006/056).

Niðurstaða matsins sýndi að 6 bæir í Fljótsdals gætu orðið fyrir áföllum vegna flóð frá stíflurofi Þuríðarstaðir, Langhús, Bessastaðir,Eyrarland, Litla Grund og Bessastaðagerði.

Stíflurof er afar ólíklegur atburður eins og kemur fram í skýrslunni. „Möguleg áhrif á samfélagið eru að búskapur legðist af á þessum bæjum og tjón yrði á mannvirkjum og á landi en um 380 ha ræktaðs lands er neðan flóðmarkanna“ Tveir bæir gætu verið í hættu í Norðurdal og fjórir neðar í Fljótsdal vegna yfirstreymisflóðs úr Ufsárlóni, en enginn í Suðurdal eða neðar í Fljótsdal vegna flóðs úr Kelduárlóni.

Önnur náttúruvá

Ekki er talin sérstök hætta á annarri náttúruvá en áður er getið.

2.5 SAMGÖNGUR OG GRUNNKERFI

2.5.1 VEGIR

Vegir, götur og tengd mannvirki og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegi utan þéttbýlis. (gr. 6.2.13 í skipulagsreglugerð)

MARKMIÐ:

Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla. Haldið verði áfram endurbótum á vegum innan byggðarinnar.

LEIÐIR:

- Aukið verði öryggi vegfaranda á vegum. Sérstök áhersla er lögð á öruggari vegtengingar tengivega.
- Tengivegir verði lagaðir og lagðir bundnu slitlagi.

Vegasamgöngur og tenging við nágrannabyggðalög er góð í sveitarfélaginu. Þjóðvegir á láglendi flokkast í stofn- og tengivegi. Héraðsvegum og landsvegum er ekki gerð sérstök skil í aðalskipulagi, en þeir helstu er sýndir til skýringar á skipulagsuppdrætti. Megin gönguleiðir á láglendi eru auðkenndar og fjallað er um helstu gönguleiðir ofan byggðar og á afrétti í kafla 2.5.2. Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu sem og samgönguáætlun sem gerð hefur verið til 2022.

Stærð	Gildi	Tilvísun
Veghelgunarsvæði stofnvega	30 m til beggja hliða frá miðlínu	Vegalög
Veghelgunarsvæði tengivega	15 m til beggja hliða frá miðlínu	Vegalög
Veghelgunarsvæði gatnamóta	Beinar línur milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti*	Vegalög
Mesta hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlega glugga	35-55 db**	Reglugerð nr. 933/1999 og 1000/2005**

Tafla 1 2. Helstu stærðir í gerð skipulags þar sem þjóðvegir koma við sögu. (Heimild: Vegagerðin 2007).

* Veghaldari getur, ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.

** Sjá nánar í reglugerð um hávaða nr. 933/1999 og reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir.

Stofnvegir

Á skipulagsuppdráttum er auðkennt núverandi stofnvegakerfi og fyrirhugaðar breytingar á stofnvegum til loka skipulagstímabilsins skv. langtímaáætlun í vegamálum 2011-2022 og tillögum sveitarstjórnar. Í Fljótsdalshreppi eru engir stofnvegir.

Tengivegir

Eftirfarandi tengivegir eru í sveitarfélaginu:

Vegnr.	Heiti	Lýsing
931	Upphéraðsvegur	Af Hringvegi í Fellabæ norðan Lagarfljótsbrúar, um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Vallholti, um Skóga á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933	Fljótsdalsvegur	Hringur frá Upphéraðsvegi við Hjarðarbóli inn að Végarði og út að Upphéraðsveg 931.
934	Múlavegur í Fljótsdal	Frá gatnamótum Fjótsdalsvegar að brú yfir Jökulsá innan við Glúmsstaði 2.
9340	Norðurdalsvegur í Fljótsdal	Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Fljótsdalsvegi hjá Végarði að brú yfir Jökulsá innan við Þuríðarstaði.



Mynd 8. Helstu vegir innan Fljótsdalshrepps

2.5.2 GÖNGULEIÐIR

MARKMIÐ:

Stuðlað verði að almennri útivist með því að skilgreina megingönguleiðir í Fljótsdalshreppi. Það styður við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

LEIÐIR:

- Halda skal áfram merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðaþjónustu.

Sýnt er kerfi gönguleiða innan svæða s.s. í byggð með hringleið á lálendi og helstu áningastaði s.s. að Hengifossi, Ranaskógi og Bessastaðagilii. Á hálendishlutanum eru sýndar leiðir milli skála bæði innan og utan marka Vatnajökulsþjóðgarðs innan Fljótsdalshrepps. Í aðalskipulaginu eru sýndar aðalgönguleiðir og tengingar við nágrannasveitarfélögin.

2.5.3 REIÐLEIÐIR

MARKMIÐ:

Meginreiðleiðir verði greiðfærar og þess verði gætt að umferð hestamanna valdi sem minnstum spjöllum á gróðurlendi og sögu- og náttúruminjum.

LEIÐIR:

- Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum þar sem því verður við komið.
- Byggt verði upp skilvirkt reiðstígakerfi í samvinnu við Vegagerðina og hestamannfélög.

Meginreiðstígar tengja saman byggð og heiðalönd, en eru jafnframt reiðleiðir milli byggða innan héraðsins. Margar þessara leiða eru mikið notaðar, bæði í atvinnuskyni og til almennrar útivistar. Nýjar reiðleiðir hafa verið skilgreindar í samvinnu við landeigendur, hestamannafélög á svæðinu, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila. Auk meginreiðstíga eru ýmsar aðrar reiðleiðir sem eru einungis sýndar til leiðbeiningar á skipulagsuppdrætti. Margar þessara leiða eru einungis færar hluta úr ári og sum staðar þarf að hafa samráð við landeigendur um notkun þeirra.

Samkvæmt „Leiðbeiningum um gerð og uppbyggingu reiðvega“, sem unnar hafa verið í samvinnu Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðarinnar, eru reiðleiðir flokkaðar í þrjá meginflokka eftir hlutverki þeirra:

- Stofnleiðir. Aðalleiðir sem liggja á milli sveitarfélaga tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendið hins vegar. Þetta eru aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis.
- Héraðsleiðir. Tengingar milli bæja og fornar leiðir, sem ekki þola mikla umferð. Yfirleitt aðeins gert ráð fyrir einstaklingsumferð.
- Tengileiðir í næsta nágrenni við þéttbýli og annars staðar þar sem búast má við mikilli hestaumferð. Einnig leiðir milli hesthúsahverfa.



Mynd 9. Göngu-og reiðleiðir innan Fljótsdalshrepps ásamt skálum og þjónustustöðum á hálendishlutanum

2.5.4 GRUNNKERFI OG HELGUNARSVÆÐI

Stofnhluti grunnkerfa, svo sem vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta, fráveitu og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við. (Sjá einnig gr. 6.2.16. í skipulagsreglugerð).

2.5.5 VATNSVEITA

MARKMIÐ:

Stefnt er að því að öll byggð í Fljótsdalshreppi njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

LEIÐIR:

- Vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grannsvæðum eða fjarsvæðum þeirra.

Skráðar og staðfestar vatnsveitur í Fljótsdalshreppi eru fjórar , sjá umfjöllun um brunnsvæði í kafla 2.4.2. Áætlunin skilgreinir ekki verndarsvæði vatnsbóla einstakra jarða í dreifbýli.

2.5.6 HITAVEITA

MARKMIÐ:

Stefnt er að rannsóknum og leit að heitu vatni svo að byggð í Fljótsdalshreppi geti notið hitaveitu.

LEIÐIR:

- Stuðlað verði að rannsóknum til að nýta jarðhita til upphitunar húsnæðis sem víðast í Fljótsdalshreppi.

Þegar Laugarfellsskáli var byggður var heitt vatn lagt í skálann og er hann hitaður þannig upp.

Framhald jarðhitaleitar og rannsóknir muna væntanlega leiða í ljós frekari jarðhitakosti á afmörkuðum svæðum í Fljótsdalshrepp. Engin hitaveita er í byggð í Fljótsdalshreppi.

2.5.7 FRÁVEITA

MARKMIÐ:

Að fráveitumál verði ávallt til fyrirmyndar í sveitarfélaginu.

LEIÐIR:

- Fráveita í sveitarfélaginu verði í samræmi við reglugerðir þar um til að fyrirbyggja mengun.

Viðurkenndar rotþrær og siturlagnir eru við alla bæi og sumarhús í sveitarfélaginu þar sem þannig háttar. Um rotþrær gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp (798/1999) og reglugerðar um meðhöndlun seyru (799/1999).

2.5.8 RAFVEITA

MARKMIÐ:

Stefnt er að því að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðasta verði.

LEIÐIR:

- Skipulagið staðfestir núverandi meginflutningslínur.

Samkvæmt reglugerð 586/2004 skal tilgreina lágmarksfjarlægðir háspennulína til annarra mannvirkja sem og opinna svæða til sérstakra nota. Ræktun hávaxinna plöntutegunda innan helgunarsvæðis er óæskileg og skal eftirfarandi regla gilda um fjarlægð trjáa frá háspennulínum. Fjarlægðin miðast við að hún sé hæð fullvaxinna trjáa sinnum 1,5. Reglugerðin vísar til íslenskra staðla sem ákvarða m.a. helgunarsvæði meðfram háspennulínum þar sem ekki er heimilt að reisa nein mannvirki á.

Við framkvæmdir og við skipulag nýrra svæða skal gera ráð fyrir eftirfarandi helgunarsvæði (byggingarbann) háspennulína:

- 66 kV línur 25 m.
- 132 kV 35-45 m.
- 220 kV 65-85 m.

Núverandi línur

Heiti línu	Lýsing
FL-1	Fljótsdalslína 2, 132 kV, frá tengivirki í Fljótsdal, um Hallormsstaðaháls að tengivirki í Skriðdal. Fyrsti hluti línunnar, frá Fljótsdalsstöð að Brattagerði, er jarðstrengur.
FL-2	Fljótsdalslínur 3 og 4. Tvær 220/400 kV línur frá tengivirki í Fljótsdal yfir Hallormsstaðaháls og Skriðdal til Reyðarfjarðar, annarsvegar um Hallsteinsdal og hinsvegar um Þórudal.
FL-3	Kröflulína 2, 132/220kV, frá tengivirki við Kröflustöð um Fljótsdalsheiði að tengivirki í Fljótsdal.

Einnig er sýndur jarðstrengur Landsvirkjunar (FLR5) frá Fljótsdalsstöð að Bessastaðaá og áfram að Laugafelli og virkjanamannvirkjum á Hraunum og við Kárahnjúka.

Fyrirhuguð lína

Heiti línu	Lýsing
FL-4	Kröflulína 3, 220 kV, Fyrirhuguð frá tengivirki við Kröflustöð að tengivirki í Fljótsdal, samhliða Kröflulínu 2. Leita skal línuleiðar innan marka Fljótsdalshrepps til að draga úr sjónrænum áhrifum sbr. bókun sveitarstjórnar frá 7.mars 2014. Áætluð háspennulínan er háð mati á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Kröflulína 3 er sýnd í aðalskipulagi sem loftlína eins og fyrra aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014 gerði, en þar var hún skilgreind sem Fljótsdalslína 1. Vegna umhverfissjónarmiða og nokkurrar andstöðu við loftlínu, þá sér í lagi niður Valþjófsstaðafjall, þá er gerður fyrirvari um línuleiðina og er vísað í eftirfarandi bókun sveitarstjórnar sem var samþykkt 7.mars 2014.

Á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 7.mars 2014 var eftirfarandi bókun samþykkt. „Sveitarstjórn leggur til að gert verði ráð fyrir lagnaleið fyrir Kröflulínu 3 í nágrenni við Kröflulínu 2. Gengið er út frá að Landsnet vinni með Fljótsdalshreppi í því að ná ásættanlegri niðurstöðu um tilhögun línulagnar áður en hún kemst á framkvæmdastig.“ Með tilhögun línulagna er vísað til vinnu við mat á umhverfisáhrifum þar sem allir kostir verði skoðaðir.

2.5.9 FJARSKIPTI

MARKMIÐ:

Áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að aukinni þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi. Unnið verði að því að koma á öruggu farsímasambandi í öllum Fljótsdalshreppi.

LEIÐIR:

- Fjölgun senda fyrir farsíma í sveitarfélaginu.

Skipulagið sýnir helstu fjarskiptasenda vegna sjónvarps- og útvarpssenda í Fljótsdal svo og endurvarpsstöð vegna farsíma. Staðfestir eru fjórir fjarskiptasendar í Fljótsdal:

Nr.	Heiti
FF-1	Brekka
FF-2	Hjarðarból
FF-3	Miðfell
FF-4	Grjótárhnjúkur

Ljósleiðari

Kominn er ljósleiðari í alla bæi í sveitarfélaginu. Lega ljósleiðara er sýnd á skýringaruppdrætti hér að neðan (sjá mynd 10) . Lagning stofnlagna farskiptakerfa í jörð meðfram vegum og stígum, verður heimil án breytingar á aðalskipulagi.



Mynd 10. Virkjanamannvirki í Fljótsdalshreppi.

3. HEIMILDIR

3.1. RITAÐAR HEIMILDIR:

Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014.

Alþingi 2010: Skipulaglög nr. 123/2010.

Alþingi 2006: Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Alþingi 1999: Náttúruverndarlög nr. 44/1999

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum.

Byggðastofnun 2001: Byggðarlög í sókn og vörn, Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi.

Niðurstaða vinnuhóps frá LBHÍ, Skipulagsstofnuin og Landgræðslu rík. „Drög að skilgreiningu á akuryrkjulandi í skipulagi“ minnisblað fyrir Búnaðrþing 2011.

Ferðamálaráð Íslands 2002: Auðlindin Ísland.

Félagsmálaráðuneytið 2005: Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga.

Rangárþing eystra 2013„Flokkun landbúnaðarlands“ Steinsholt. 2013

Húsafriðunarnefnd ríkisins 2000: Skrá yfir friðuð hús, lög reglugerðir og samþykktir.

Jarðhitaleit í Fljótsdalshrepp 1 og 2: Jón Benjamínsson 2009 og 2010, bls. 9 og 12.

Landsvirkjun 2006: Kárahnjúkavirkjun Flóð vegna stíflurofs (endurskoðuð) Inngangur og bls. 19.

Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar, 7. Útgáfa.

Samgönguráðuneytið 2013: Samgönguáætlun 2011-2014.

Samantekt á árlegri kolefnisbindingu og losun í Fljótsdalshreppi Lárus Heiðarsson 2013.

Skipulagsstofnun 2005: Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018

„Skógrækt á Íslandi – Stefna á 21.öld” - nefndarálit til ráðherra 2013.

„Skógar og skógræktarsvæði” - mælingar og úttekt gerð af Skógrækt ríkisins. Mógilsá.

Vegagerðin 2002: Námur, efnistaka og frágangur.

Vegagerðin 2007: Vegir og skipulag, leiðbeiningar Vegagerðarinnar fyrir sveitarfélög og skipulagshöfunda.

Vaxtarsamningur Austurlands 2010-2014.

Veiðimálastofnun 2005: Lax- og silungsveiðin 2004.

3.2. VEFSÍÐUR:

Byggðarannsóknarstofnun Íslands: www.brsi.is

Flugmálastjórn Íslands: www.caa.is

Frjálsa alfræðiritið: http://is.wikipedia.org

Hagstofa Íslands: www.hagstofan.is

Húsafriðunarnefnd ríkisins: www.hfrn.is

Landsvirkjun: www.lv.is

Landnet: www.landsnet.is

Nordic Adventure Travel: www.nat.is

Orkustofnun: www.os.is

Siglingastofnun Íslands: www.sigling.is

Skipulagsstofnun: www.skipulag.is

Héraðsskógar: www.heradsskogar.is

Umhverfisstofnun: www.ust.is

Veðurstofa Íslands: www.vedur.is

Vegagerð ríkisins: www.vegagerdin.is

VIÐAUKI 1.

ATHUGASEMDIR LÖGBOÐINNA UMSAGNARAÐILA

Athugasemd frá:	Gerð var athugasemd við:	Viðbrögð
HAUST Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Bréf dagsett 11.febrúar 2014.	Umsögn HAUST snéri að málefnum neysluvatns og neysluvatnsvernd, málefnum úrgangs og fráveitna. Hverjum ofantalinna efnisþátta er síðan gerð skil í umsögninni og mat lagt á hvernig umfjöllun er í skipulagsgögnum.	Athugasemdir voru teknar til greina og gerð skil í greinargerð og á uppdráttum.
Vegagerðin Netpóstur með viðhengjum dagsett 28.febrúar 2014	Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna en vill koma á framfæri ábendingu um að ekki er gerð fullnægjandi grein fyrir þjóðvegum í hreppnum. Nánar tiltekið eru ábendingarnar eftirfarandi: Á bls. 36 í greinargerð er gerð grein fyrir tengivegum í hreppnum. Hér vantar 934 Múlaveg í Fljótsdal Á bls. 37 í greinargerð eru sýndir á mynd 2-9 helstu vegir innan Fljótsdalshrepps. Myndin er á ýmsan hátt röng, m.a. er vegur 910 Austurleið sýnd sem tengivegur en Vegagerðin skilgreinir hana sem landsveg. Ýmsir vegir eru á myndinni skilgreindir sem landsvegir eða héraðsvegir en eru ekki þjóðvegir. Ofangreinar athugasemdir eiga einnig eftir atvikum við um ritið Forsendur og umhverfisskýrsla. Ennfremur komu ábendingar um nánari staðsetningar 4 efnistökustaða frá Vegagerðinni.	Athugasemdir Vegagerðar voru teknar til greina og greinargerð og uppdrættir lagfærðir í samræmi við það.Ennfremur verða þemauppdrættir uppfærðir.
Djúpavogshreppur Bréf dagsett 21.febrúar 2014	Gerir ekki athugasemdir.	
Landsnet Bréf dagsett 26.02.2014	Mótmælir því sem kemur fram í kafla 2.5.7 Skipulagi frestað. Þar er greint frá ákvörðun sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps um að leggja til að fresta að sýna legu Kröflulínu 3 innan marka sveitarfélagsins á Flotsdalsheiði og fram af Valþjófsstaðafjalli að tengivirki við Fljótsdalsstöð.	„ Sveitarstjórn leggur til að gert verði ráð fyrir lagnaleið fyrir Kröflulínu 3 í nágrenni við Kröflulínu 2. Gengið er út frá að Landsnet vinni með Fljótsdalshreppi í því að ná ásættanlegri niðurstöðu um tilhögun línulagnar áður en hún kemst á framkvæmdastig.“
Skógrækt ríkisins. Bréf dagsett 03.03.2014	Skógrækt ríkisins gerir ekki efnislegar athugasemdir við endurskoðun aðalskipulags Fljótsdalshrepp 2014-2030. Bendir á ónákvæma tilvitnun og ósamræmi í helgunarmörk fornminja.	Ábending var tekin til greina og var orðalag gert nákvæmara með því m.a. að vitna beint í ný minjalög nr. 80/2012.
Fljótsdalshérað Bréf dagsett 07.03.2014	Gerir ekki athugasemdir.	
Veðurstofa Íslands Bréf dagsett 12.03.2014	Gerðar voru athugasemdir við forsenduhluta greinargerðar.	Texti var lagfærður m.t.t. umsagnar.

Athugasemd frá:	Gerð var athugasemd við:	Viðbrögð
Vatnajökulsþjóðgarður austursvæði. Bréf dagsett 17.febrúar 2014	Almennar athugasemdir bárust frá þjóðgarðsverði á austursvæði. Kafli 2.4.4 bls. 27. Er fjallað um að ekki hafi verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á svæðinu sem ákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær verið kortlagðar. Vill þjóðgarðurinn hvetja til að slík vinna fari fram. Á bls. 28 er talað um að Stjórnunar- og Verndaráætlun hafi verið samþykkt í febrúar 2011 en síðasta útgáfa af Stjórnunar- og Verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð var samþykkt 12. júlí 2013. Myndatexta vantar við mynd 2-5 af Snæfellsstofu í Skriðuklaustri. Í textanum fyrir neðan mynd á bls. 28 vantar f í Starfsstöð. Snæfellsstofa var vígð í júní 2010 (ekki í júní 2008) . Á Bls. 28 um Ramsarsvæði- Þar ætti frekar að standa Innan Vatnajökulsþjóðgarðs eru Eyjabakkar og austur hlíðar Snæfells (ásamt Hafursárflóa, Hafursárufs, Snæfellsnesi, Þóriseyjum og inn að jökli) sem njóta.... Hér væri kannski betra að segja Eyjabakkasvæðið eða bara Eyjabakka þar sem Ramsarsvæðið nær yfir stærra svæði en sjálfa Eyjabakka. Málhefðin er orðin að tala um þetta svæði sem Eyjabakka eða Eyjabakkasvæðið. Æskilegt væri að fjalla aðeins um Ramsarsáttmálann og hvað það felur í sér. Þá var bent á að þjóðgarðsmörkin væru eitthvað röng á kortum, t.d. við Kelduárlón.	Ábendingar og athugasemdir voru flestar voru teknar til greina og lagfært þar sem það átti við. Ábending um mörk þjóðgarðs á ekki við rök að styðjast.
Minjastofnun Íslands Bréf dagsett 10.03.2014	Gerðar voru athugasemdir við kafla 1.5.10 í forsendum og umhverfisskýrslu. Einnig athugasemdir við kafla 2.4.6 um friðlýstar fornleifar og við kafla 2.4.6. um minjavernd í greinargerð aðalskipulags.	Texti var lagfærður m.t.t. umsagnar.
Sveitarfélagið Hornafjörður Bréf dagsett 21.03.2014	Athugasemd gerð við landamerki sveitarfélaganna.	Eftirfarandi fyrirvari var settur inn í greinargerð og uppdrætti. „Sveitarfélagamörk á sveitarfélagsuppdrætti eru samkvæmt aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014. Ósamræmi eru á milli sveitarfélagamarka við sveitarfélagið Hornafjörð. Í umsögn sveitarfélagsins Hornafjarðar er gerð athugasemd við sveitarfélagamörk. Sækja þarf um breytingu til Innanríkisráðuneytisins með ósk um leiðréttingu á IS 50V gögnum Landmælinga Íslands.“
Umhverfisstofnun Bréf dagsett 21.03.2014 og 09.07.2014	Gerðar voru athugasemdir í fyrra bréfi við efnistöku, samgöngur og grunnkerfi og verslun og þjónustu. Í seinna bréfi um Kröflulínu 3.	Umsagnir leiddu ekki til breytinga á greinargerð eða uppdrætti.
Landsvirkjun	Ekkert svar barst.	
Búnaðarsamband Austurlands	Ekkert svar barst.	

VIÐAUKI 2.

AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA EFTIR AUGLÝSINGU SBR. 32. GR. LAGA NR. 123/2010

1. Ólafur Valsson, dags. 27. apríl 2014.	
ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
Ný tillaga að aðalskipulagi lögð fram eftir að ferli skv. 30. gr. skipulagslaga lauk *Tillaga sú sem auglýst var með birtingu á vefsíðu Skipulagsstofnunar 27. mars 2014 er önnur en sú sem lögð var fyrir Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga og Skipulagsstofnun gaf umsögn sína um. Tillagan er jafnframt önnur er send var umsagnaraðilum.*	Sveitarfélagið getur ekki tekið undir að um sé að ræða aðra tillögu. Gerð var breyting á kafla 2.5.8 um rafveitur og bætt var við umfjöllun um Kröflulínu 3. Um er að ræða línu sem hefur verið inni á gildandi Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014 sem Fljótsdalslína 1. Ákvörðunin um að hætta við að fresta skipulagi á hluta leiðarinnar hefur því enga stefnubreytingu í för með sér miðað við gildandi skipulag og lega línunnar sú sama. Sett var inn umfjöllun um línuna í umhverfismatið að beiðni Skipulagsstofnunar og átti það að vera einfalt mat.
Umsögn Skipulagsstofnunar um upphaflegu tillöguna var veitt með bréfi 14. janúar 2014. Umsagnaraðilum var gefinn kostur á að veita umsögn um þá tillögu með bréfi dagsettu 10. febrúar 2014. *Eftir þetta, eða með bókun hinn 7. mars 2014, tók sveitarstjórn Fljótsdalshrepps ákvörðun um að breyta tillögunni í svo veigamiklum atriðum, að um nýja tillögu verður að teljast að ræða.* *Um er að ræða þann viðsnúning í aðalskipulagstillögu að gera nú ráð fyrir Kröflulínu 3, 220kV loftlínu um sveitarfélagið, frá mörkum þess á Fljótsdalsheiði að stöðvarhúsi í Fljótsdal, en áður hafði henni verið hafnað í umsagnar- og kynningarferlinu ítrekað og með formlegum hætti.*	Sjá svar hér að ofan.
Tekið er fram að stefnumörkun um Kröflulínu 3 er í umhverfisskýrslu talin vera sú stefna aðalskipulagsins er „einna helst geti haft neikvæð umhverfisáhrif", sjá bls. 37 í umhverfisskýrslu með tillögunni. *Um grundvallarbreytingu er þannig að ræða á aðalskipulagstillögunni frá því hún var send til athugunar hjá Skipulagsstofnun skv. 3. gr. 31. gr. skipulagslaga og einnig frá því hún var send til umsagnar umsagnaraðila. Þá eru um grundvallarbreytingu að ræða frá því allt samráðs- og kynningarferli tillögunnar skv. 30. gr. skipulagslaga fór fram.*	Sjá svar hér að ofan.
Með vísan til: *i. þeirrar meginreglu sem leiða má af 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga að ákveði sveitarstjórn að breyta tillögu að aðalskipulagi í grundvallaratriðum skuli hin breytta tillaga fá málsmeðferð á nýjan leik;*	Hér er um ákveðinn misskilning að ræða. Ekki er um að ræða grundvallarbreytingu á auglýstri tillögu eins og 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga kveður á um. Stefna sveitarfélagsins um Kröflulínu 3 var kynnt á íbúafundi 26. júní 2013 og svo aftur á íbúafundi þar sem kynnt var tillaga til auglýsingar þann 29. apríl 2014. Ekki var því gerð breyting á tillögunni eftir auglýsingu.
ii. þess markmiðs skipulagslaga að stuðla að skynsamlegri nýtingu lands og að tryggja vernd landslags og náttúru;	Með því að að nota núverandi línuleið er reynt að tryggja að umhverfisáhrif verði sem minnst.
iii. þess markmiðs skipulagslaga að koma í veg fyrir umhverfisspjöll með sjálfbæra þróun að leiðarljósi;	Sjá svar hér að ofan.

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
iv. þess markmiðs skipulagslaga að móta stefnu í samráði við almenning og að honum sé þannig gefinn kostur á að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð áætlana;	Stefna sveitarfélagsins um Kröflulínu 3 var kynnt á íbúafundi 26. júní 2013 og svo aftur á íbúafundi þar sem kynnt var tillaga til auglýsingar þann 29. apríl 2014. Ekki var því gerð breyting á tillögunni eftir auglýsingu.
v. þess markmiðs skipulagslaga að tryggður sé faglegur undirbúningur mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit og form mannvirkjanna;	Sveitarfélagið telur að það sé ekki í höndum sveitarfélagsins hvernig hönnun á raflínum eigi að vera.
vi. áskilnaðar 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum áætlana um efni umhverfisskýrslu;	Farið var eftir lögum um umhverfismat áætlana varðandi efni og innihald umhverfisskýrslu.
vii. ákvæðis 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum áætlana er kveður á um að við afgreiðslu áætlunar skuli hafa hliðsjón af umhverfisskýrslu og þeim athugasemdum sem borist hafa við tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu;	Þessi kafli er ávallt skrifaður við endanlega afgreiðslu og mun fylgja með í greinargerð við endanlega útgáfu.
viii. þess markmiðs laga um mat á umhverfisáhrifum áætlana að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum; og	Markmið þetta var haft að leiðarljósi við endurskoðun aðalskipulagsins.
ix. þess markmiðs laga um mat á umhverfisáhrifum áætlana að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða;	Markmið þetta var haft að leiðarljósi við endurskoðun aðalskipulagsins.
er rétt af sveitarstjórn að leggja að nýju fram aðalskipulagstillögu eins og hún var áður en henni var breytt í grundvallaratriðum með bókun á sveitarstjórnarfundi hinn 7. mars 2014 að því er varðar Kröflulínu 3, en ella fari á nýjan leik það samráð sem 30. gr. skipulagslaga mælir fyrir um, þar með talið umsagnarferli það sem mælt ef fyrir um í 2. mgr. 30. gr. laganna.	Stefna sveitarfélagsins um Kröflulínu 3 var kynnt á íbúafundi 26. júní 2013 og svo aftur á íbúafundi þar sem kynnt var tillaga til auglýsingar þann 29. apríl 2014. Ekki var því gerð breyting á tillögunni eftir auglýsingu.
Að öðrum kosti yrði gróflega farið á svig við tilgang og ákvæði skipulagslaga og laga um umhverfismat áætlana, og skipulagsákvörðunin væri ólögmæt og ógildanleg. *Fari svo ólíklega að Fljótsdalshreppur leggi tillögna óbreytta fyrir Skipulagsstofnun skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga að því er Kröflulínu 3 varðar, verður því beint til Skipulagsstofnunar að setja fram tillögu um synjun staðfestingar á aðalskipulagi eða um að fresta staðfestingu þess að hluta, sbr. 4. mgr. 32. gr. skiplagslaga, með vísan til þess að samráðs- og kynningarferli það sem mælt er fyrir um í lögum hafi ekki farið fram um hina nýju tillögu, heldur aðeins um eldri tillöguna.*	Sveitarfélagið getur ekki tekið undir að um sé að ræða aðra tillögu. Gerð var breyting á kafla 2.5.8 um rafveitur og bætt var við umfjöllun um Kröflulínu 3. Um er að ræða línu sem hefur verið inni á gildandi Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014 sem Fljótsdalslína 1. Ákvörðunin um að hætta við að fresta skipulagi á hluta leiðarinnar hefur því enga stefnubreytingu í för með sér miðað við gildandi skipulag og lega línunnar sú sama. Sett var inn umfjöllun um línuna í umhverfismatið að beiðni Skipulagsstofnunar og átti það að vera einfalt mat.

2. Hörður Einarsson, dags 15. maí 2014.	
ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
1. Ljóst verður að telja, að sá háttur, sem sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hyggst hafa við afgreiðslu skipulagstillögunar, sbr. samþykkt hennar 7. marz 2014, fær ekki staðizt að lögum. Með samþykkt sveitarstjórnar hinn 7. marz 2014 var gerð sú grundvallarbreyting á þeirri aðalskipulagstillögu, sem þá lá fyrir og hafði verið í umsagnarferli, að Kröflulínu 3 var bætt inn í tillöguna. Til þess að aðalskipulagstillaga verði auglýst samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þarf hún að hafa hlotið þann undirbúning og gengið í gegnum það samráðsferli, sem 30. gr. skipulagslaga mælir fyrir um. Hin breytta tillaga hefur ekki hlotið meðferð samkvæmt 30. gr. laganna, og verður því ekki auglýst samkvæmt 31. gr. Gengið er út frá því, að ekki verði um það deilt, að með því að bæta Kröflulínu 3 inn i aðalskipulagstillöguna sé gerð á henni grundvallarbreyting.	Hér er um ákveðinn misskilning að ræða. Ekki er um að ræða grundvallarbreytingu á auglýstri tillögu eins og 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga kveður á um. Stefna sveitarfélagsins um Kröflulínu 3 var kynnt á íbúafundi 26. júní 2013 og svo aftur á íbúafundi þar sem kynnt var tillaga til auglýsingar þann 29. apríl 2014. Ekki var því gerð breyting á tillögunni eftir auglýsingu.
2. Samkvæmt þessu verður að telja ráðlegast fyrir sveitarstjórnina að afturkalla tillöguna eins og hún liggur fyrir og hefja nýtt aðalskipulagsferli samkvæmt 30. gr. skipulagslaga.	Stefna sveitarfélagsins um Kröflulínu 3 var kynnt á íbúafundi 26. júní 2013 og svo aftur á íbúafundi þar sem kynnt var tillaga til auglýsingar þann 29. apríl 2014. Tillagan var síðan aftur auglýst frá 27. mars til 15. maí þar sem íbúum og öðrum gafst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Ef athugasemdir leiða til grundvallarbreytinga þá mun tillagan verða endurauglýst eins og 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga kveður á um.
3. Þá er rétt að benda á, að umhverfisskýrsla er í mörgum atriðum í ósamræmi við lög, sbr. sérstaklega ákvæði 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Athugaverðast er, að ekki eru settir fram raunhæfir valkostir um raflínulögnina. Til þess að slíkir valkostir verði settir fram, verður áður að hafa farið fram þarfagreining fyrir framkvæmdina, að öðrum kosti verður ekki gerð tillaga um framkvæmd með vitrænum hætti. Landsnet ætti að hafa gert slíka greiningu úr því að stofnunin gerir tillögu um ákveðna framkvæmd. Þegar þarfagreining liggur fyrir og á hana hefur verið fallizt, er unnt að meta, hvaða kostir koma til greina til þess að fullnægja þörfunum. Meðan ekki hefur verið gerð grein fyrir sérgreindri og sundurliðaðri þörf fyrir línulögnina, verður sveitarfélaginu ekki með málefnalegum hætti meinað að fresta ákvörðun um línulögn innan sveitarfélagsins, ekki sízt þegar við bætist, að lagafyrirmæli um raunhæfa valkosti hefur ekki verið fullnægt.	Umhverfisskýrsla er sett fram eins og lög um umhverfismat áætlana gerir ráð fyrir. Valkostir sem settir eru fram er núverandi lega skv. gildandi aðalskipulagi og svo möguleg jarðstrengslögn niður Valþjófsstaðafjall.
4. Í greinargerð með núverandi aðalskipulagstillögu segir (bls. 42): *„Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur gert formlegar athugasemdir við tillögu að matsáætlun Kröflulínu 3 og lýst sig andsnúna því að lögð verði umfangsmikil loftlína við hlið Kröflulínu 2 niður Valþjófsstaðafjall. Sveitarstjórn telur að neikvæð sjónræn áhrif línunnar verði veruleg og magni upp neikvæð áhrif þeirra línu sem fyrir er. Sveitarstjórn hefur óskað eftir að Landsnet leggi fram aðra valkosti innan marka Fljótsdalshrepps en þann sem gert er ráð fyrir í tillögu að matsáætlun Kröflulínu 3. Þá er Valþjófsstaðafjall hverfisverndað í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps vegna náttúruverndar.*	Kröflulína 3 hefur verið inni á gildandi aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014 (sem Fljótsdalslína 1) og við endurskoðun aðalskipulags við upphaf verkefnis voru ekki settar fram tillögur um endurskoðun á þeirri stefnu og þar með ekki neinir valkostir til skoðunar.
Á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 7.mars 2014 var eftirfarandi bókun samþykkt. „Sveitarstjórn leggur til að gert verði ráð fyrir lagnaleið fyrir Kröflulínu 3 í nágrenni við Kröflulínu 2. Gengið er út frá að Landsnet vinni með Fljótsdalshreppi í því að ná ásættanlegri niðurstöðu um tilhögun línulagnar áður en hún kemst á framkvæmdastig.“ Með tilhögun línulagna er vísað til vinnu við mat á umhverfisáhrifum þar sem allir kostir verði skoðaðir.“	Stefna sveitarfélagsins um Kröflulínu 3 var kynnt á íbúafundi 26. júní 2013 og svo aftur á íbúafundi þar sem kynnt var tillaga til auglýsingar þann 29. apríl 2014. Tillagan var síðan aftur auglýst frá 27. mars til 15. maí þar sem íbúum og öðrum gafst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Ef athugasemdir leiða til grundvallarbreytinga eftir auglýsingatíma þá mun tillagan verða endurauglýst eins og 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga kveður á um.

Við þessa framsetningu er ýmislegt að athuga. Bókun sveitarstjórnar 7. marz 2014 hvílir á þeirri forsendu, að tilhögun línulagnar sé alfarið samkomulagsatriði milli sveitarstjórnarmanna og Landsnets. Þetta er röng forsenda. Aðalatriðið er, að almenningur eigi aðkomu að málinu. Í bókuninni er gert ráð fyrir því, að allir valkostir séu skoðaðir við vinnuna við mat á umhverfisáhrifum. Þetta á að vísu að gera við undirbúning matsins, en skoðun á valkostum á ekki að vera lokið áður en matsáætlun er lögð fram og áður en almenningur hefur aðkomu að málinu. Almenningur á að eiga þess kost að tjá sig um alla valkosti. Ákvörðun um valkosti er ekki einkamál sveitarstjórnarmanna og Landsnets – og ekki samningsatriði þeirra í milli. Sjá 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og sérstaklega til skýringar á henni 3. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/92/EB, sbr. 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/35/EB. Í 6. gr. Árósasamningsins, sem Ísland hefur fullgilt, eru líka ákvæði um þátttöku almennings í ákvörðunum um tiltekna starfsemi, en í 4. mgr. hennar segir: *„Sérhver samningsaðili [samningsríki] skal gera ráð fyrir þátttöku almennings snemma í ferlinu þegar allir kostir eru fyrir hendi og um virka þátttöku almennings getur verið að ræða.“* *Þetta eru efnislega sömu fyrirmæli og koma fram í 8. gr. laganna um mat á umhverfisáhrifum og hinum tilvitnuðu tilskipanaákvæðum, og ber að skýra 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum með hliðsjón af reglum Árósasamningsins og tilskipananna, sem eru hluti af EES-rétti.* *Svo er það ekki aðeins, að almenningur skuli eiga þess kost að lýsa afstöðu sinni til mála snemma í ferli þeirra, þegar allir kostir eru uppi á borðinu og um skilvirka þátttöku almennings getur verið að ræða, heldur ber einnig að taka tilhlýðilegt tillit til álits og skoðana almennings, sbr. 7. mgr. 6. gr. Árósasamningsins:* *„Sérhver samningsaðili skal tryggja að við ákvarðanatöku sé tekið eðlilegt tillit til þeirrar niðurstöðu sem liggur fyrir eftir aðkomu almennings.“* *Það á sem sagt ekki að leita álits almennings og hunza það svo. Það á að taka tilhlýðilegt tillit til niðurstöðunnar í þátttöku almennings, þegar ákvörðun er tekin.* *Eftir þessari reglu verður ekki farið, ef allt á að ákveðast á lokuðum fundum sveitarstjórnarmanna og Landsnets. Sveitarstjórnarmenn og Landsnet verða að gera sér grein fyrir því, að lagaleg völd þeirra eru lítil í samanburði við völd almennings í landinu – og ættu að haga sér eftir því.*	Hér er um ákveðinn misskilning að ræða. Ekki er um að ræða grundvallarbreytingu á auglýstri tillögu eins og 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga kveður á um. Stefna sveitarfélagsins um Kröflulínu 3 var kynnt á íbúafundi 26. júní 2013 og svo aftur á íbúafundi þar sem kynnt var tillaga til auglýsingar þann 29. apríl 2014. Ekki var því gerð breyting á tillögunni eftir auglýsingu. Stefna sveitarfélagsins um Kröflulínu 3 var kynnt á íbúafundi 26. júní 2013 og svo aftur á íbúafundi þar sem kynnt var tillaga til auglýsingar þann 29. apríl 2014. Tillagan var síðan aftur auglýst frá 27. mars til 15. maí þar sem íbúum og öðrum gafst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Ef athugasemdir leiða til grundvallarbreytinga eftir auglýsingatíma þá mun tillagan verða endurauglýst eins og 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga kveður á um. Gerð aðalskipulags er byggt á skipulagslögum nr. 123/2010 sem kveða á hvernig skuli háttað undirbúningi, kynningu og rétt íbúa og annarra aðila til þátttöku. Aðalskipulag er heildarstefnumótun varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- þjónustukerfi og umhverfismál sbr. 28. gr. Tilgreind bókun fer á engan hátt gegn ákvæðum skipulagslaga enda og ljóst að við gerð aðalskipulags eiga sér stað samskipti við hagsmunaaðila. Það sveitarstjórn árétti í bókun um slík samskipti við hagsmunaaðila áður en til framkvæmdar kemur felur ekki í sér að gerð aðalskipulags sé samkomulagsatriði. Áréttað er að sá réttur sem almenningur hefur til þátttöku og afskipta af tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalsdalshrepps samkvæmt skipulagslögum hefur verið að fullu tryggður. Árósarsamningur hefur ekki lagagildi á Íslandi og víkur ekki með neinum hætti til hliðar ákvæðum skipulagslaga. Þá hafa tilskipanir Evrópusambandsins ekki lagagildi hér á landi nema þær séu leiddar sérstaklega í lög. Að mati sveitarstjórnar er því óþarft að fjalla frekar um þær athugasemdir sem snúa að umræddri bókun og réttmæti hennar út frá Árósarsamningnum og tilskipunum Evrópusambandsins. Undirbúningur aðalskipulags áður en til almennrar auglýsingar kemur fer ekki fram fyrir opnum tjöldum. Skipulagsskyldan og það vald sem því fylgir er í höndum skipulagsyfirvalda sem eru sveitarstjórn og Skipulagsstofnun. Hagsmunaaðilar og almenningur fara ekki með vald í þessum efnum en hafa rétt til að koma að sjónarmiðum og athugasemdum í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Við gerð aðalskipulagsins er farið eftir skipulagslögum 123/2010 og almenningur er gefinn kostur á að koma að skipulaginu strax í upphafi þegar skipulags- og matslýsing er auglýst og þar með ákvæðum árósarsamning því fullnægt. í upphafi þegar skipulags- og matslýsing er auglýst og þar með ákvæðum árósarsamning því fullnægt.

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
5. Eins og málið liggur fyrir, er erfitt að segja til um það, hvaða aðra valkosti en 220 kV loftlínu ætti að tilgreina. Með sama hætti er erfitt að átta sig á því, hvers vegna hinn framlagði valkostur er lagður fram. Ástæðan er sú, að engin grein er gerð fyrir því í tillögunni, hvað raforkuflutningsþörfum ætlunin er að fullnægja. Það vantar þarfagreininguna, eins og bent er á að framan. *Með fyrirvara um skort á þarfagreiningu má ætla, að aðrir raunhæfir valkostir gætu verið:* *1. Styrking núverandi línu.* *2. 132 kV loftlína.* *3. 132 kV jarðstrengur.* *4. 220 kV jarðstrengur.* *5.-6. Jarðstrengur að hluta (132 kV/220 kV) og loftlína að hluta (132 kV/220 kV).* *Betri grein þarf því að gera fyrir tillögunni og meta valkosti – áður en lengra er haldið.*	Um er að ræða óbreytta stefnu sveitarfélagsins frá gildandi aðalskipulagi þar sem Kröflulína 3 (áður Fljótsdalslína 1 í gildandi aðalskipulagi) er sýnd sem loftlína. Ekki liggja fyrir nægar forsendur til að geta metið nefnda valkosti í aðalskipulagi. Þess í stað eru tilgreind sem valkostur óbreytt stefna og jarðstrengur niður Valþjófsstaðafjall þar sem sjónræn áhrif eru einna mest. Til þess eru sérhæfðar stofnanir sem búa yfir sérþekkingu og horfa til heildalausna frekar en afmarkaðra. Þær hafa einnig skyldur samkvæmt lögum um kynningu og samráð við almenning sbr. 1.gr. laga nr. 65/2003.
6. Sjónræn áhrif (sjónmengun) af línumannvirkjum mundi verða til mikils umhverfistjóns í Fljótsdal og spilla fyrir möguleikum svæðisins. Víðerni Fljótsdals mundu ekki þola þessa skemmd á ásýnd landslagsins. Að því leyti er jarðstrengur betri kostur. Jarðstrengir eru yfirleitt fyllilega raunhæfur kostur við raflínulögn á hærri spennu, eins og reynsla annarra þjóða sýnir og sannar, svo sem Dana og Frakka, sem hafa sérstaklega tekið sig fram um að losa sig við sjónmengunina, sem af loftlínuframkvæmdum leiðir. Má um þetta efni vísa til skýrslu METSCO fyrir Landvernd, sjá: http://landvernd.is/Sidur/ID/4937/Jarstrengir-raunhæfur-valkostur-til-flutnings-raforku. Rafstrengir eru svo frekir í umhverfi sínu, að yfirleitt fer bezt á því, að jörðin geymi þá. Líta má á lagningu raflína í jörð sem mótvægisaðgerð til umhverfisverndar.	Tekið er undir að sjónræn áhrif annarrar línu við hlið eldri muni aukast.
7. Rétt er að benda á, að ýmis sveitarfélög hafa hreinlega hafnað því, að loftlínur séu lagðar um sveitarfélögin, og auðvitað ráðið því. Sem dæmi má nefna samþykkt bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar á 248. fundi hinn 14. marz 2007. Landsnet vildi leggja hluta af Suðvesturlínum í lofti um land bæjarfélagsins, en sveitarfélagið neitaði með afdráttarlausri samþykkt, sbr. sérstakt viðhengi. Auðvitað réði sveitarfélagið, og engin loftlínumannvirki verða í Sandgerði. Stundum þarf ekki mikið meira en að segja bara nei – og standa við það.	Sjá svar hér að ofan.
8. Þá vil ég benda á, að nauðsynlegt er að framkvæma – fyrr en síðar – mat á þjóðhagslegri hagkvæmni áætlunarinnar, sbr. 1. gr. raforkulaga. Gildir einu hvaða valkostur verður á endanum ofan á. Ekki eru í raforkulögum ákvæði um það, hvenær mat þetta skuli fara fram eða hver skuli framkvæma það. Orkustofnun hefur hins vegar talið það í sínum verkahring – án þess þó að framkvæma slíkt mat, þegar til kastanna hefur komið, sbr. Suðurnesjalínu 2.	Sjá svar hér að ofan.

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
9. Þess skal getið, að undirritaður hefur gert athugasemd við aðalskipulagstillögu þá, sem nú er til meðferðar hjá bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs og einnig miðar að því að heimila Landsneti að leggja Kröflulínu 3 um svæðið sem loftlínumannvirki. Þær athugasemdir sendi undirritaður sem áhugamaður um umhverfisvernd og ættaður að austan – og hið sama gildir um athugasemdirnar samkvæmt bréfi þessu. Ásýnd og landslag þessara fögru hérað hefur þegar verið sköðuð svo með loftlínumannvirkjum, að fremur ætti að huga að því að fá þau, sem fyrir eru, tekin niður, en að heimamenn láti þvinga sig til þess að bæta við nýjum og skemmandi mannvirkjum.	Í breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs sem samþykkt var 14.07.2014 í bæjarráði er gert ráð fyrir loftlínu samsíða eldri línu.
Með vísan til framangreinds er lagt til, að sveitarstjórn Fljótsdals dragi umræddа tillögu til baka og undirbúi nýja aðalskipulagstillögu með þá stefnu í huga, sem sveitarstjórnin raunverulega aðhyllist, umhverfis- og náttúruverndarstefnu, sem staðfest verði með virkri og lögskyldri aðkomu almennings að málinu. Það getur hvorki Skipulagsstofnun né ráðherra meinað sveitarstjórninni.	Að mati sveitarstjórnar er ekki talin þörf á því að draga til baka auglýsta tillögu enda hefur almenningur fengið að koma að tillögunni í gegnum allt skipulagsferlið bæði með auglýsingu á skipulags- og matslýsingu sem og á auglýsingatíma tillögunnar sjálfrar.

3. Landvernd, dags. 15. maí 2014 vegna Kröflulínu 3	
ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
Landvernd fer fram á að Fljótsdalshreppur falli frá breyttri tillögu sinni að aðalskipulagi að því er varðar Kröflulínu 3, en til vara að fram fari samráð og kynning um tillöguna hvað Kröflulínu 3 varðar. Ef ekki verður orðið við þessu, mun Landvernd óska eftir því við Skipulagsstofnun að tillögunni verði synjað eða henni frestað.	Tillagan á eftir að fara til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Telji Skipulagsstofnun að synja beri aðalskipulagi staðfestingar eða fresta staðfestingu einhvers hluta mun hún gera það með skriflegum rökstuðningi. Ef athugasemdir eru þess efnis að gera þarf grundvallarbreytingu á tillögunni um einstök atriði þá verður tillagan endurauglýst.
Landvernd telur að ekki hafi verið gætt að lögbundnu samráðs- og kynningarferli um þann þátt tillögunnar sem lýtur að Kröflulínu 3 og bendir á að um sé að ræða mikið mannvirki sem sé talið það sem helst hafi neikvæð umhverfisáhrif í stefnu hreppsins.	Ekki er um að ræða endurskoðun á stefnu sveitarfélagsins á gildandi aðalskipulagi en Kröflulína 3 hefur verið þar inni frá staðfestingu þess 20. apríl 2004 (sem Fljótsdalslína 1).
Landvernd bendir að auki á eftirtalið: *• tillagan er ekki í samræmi við stefnu sem hreppurinn hefur markað um að komast hjá frekari umfangsmiklum loftlínum, ekki síst í Valþjófsstaðafjalli,* *• umhverfisskýrsla tillögunnar er ekki í samræmi við lög í fjölmörgum atriðum, auk þess sem endanleg tillaga tekur ekki mið af umhverfisskýrslunni,* *• landsskipulagsstefna er nú í mótun og mun hún taka við af svæðisskipulagi miðhálendis og því ekki tímabært að ljúka þessum hluta tillögunnar,* *• málið varðar, auk íbúa Fljótsdalshrepps, aðrar sveitarstjórnir á fyrirhugaðri leið allt frá Blöndu og einnig yfir Sprengisand, enda verða framkvæmdir á þessu svæði ekki slitnar í sundur,* *• enn skortir á mat á flutningsþörf og nauðsynlegri stærð raflínu fyrir Kröflulínu 3, líkt og Skipulagsstofnun benti á í áliti sínu 9. ágúst 2013 um matsáætlun Landsnets fyrir línuna og einnig skortir mat á útfærslu línunnar í jörð,* *• mikil þróun hefur orðið á jarðstrengjum á hárri spennu undanfarin ár og umræða um það hérlendis og því einsýnt að líta einnig til útfærslu KL-3 í jörð.*	Í drögum að Kerfisáætlun Landsnet dags. maí 2014, kafli 6.3.1 er Kröflulína 3 tilgreind sem áformuð framkvæmd fyrir árið 2016 og í umhverfisskýrslu fyrir Kerfisáætlun eru tilgreindir mismunandi kostir og áhrif þeirra. Miðað við gefnar forsendur og núverandi raforkulög þá er jarðstrengur ekki talinn vera raunhæfur á kostur á þessu stigi og er vísað í niðurstöður sem fram koma í tillögu að matsáætlun fyrir Kröflulínu 3 og í Kerfisáætlun Landsnets 2014-2023. En bent er á að settur er þó fyrirvari um línuna í greinargerð aðalskipulagsins.
Stjórn Landverndar beinir því til Fljótsdalshrepps að lagfæra aðalskipulagstillögu sína að því er varðar Kröflulínu 3, með því (i) að leggja ekki að svo stöddu til neitt flutningsmannvirki frá sveitarfélagamörkum á Fljótsdalsheiði að tengivirki í Fljótsdal; eða (ii) að setja inn tillögu um jarðstreng á 132kV eða hærri spennu; eða (iii) óska á ný eftir fresti á aðalskipulaginu að því er varðar línulögnina. Allar útfærslurnar væru í samræmi við stefnu sem Fljótsdalshreppur hefur markað sér.	Tillagan á eftir að fara til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Telji Skipulagsstofnun að synja beri aðalskipulagi staðfestingar eða fresta staðfestingu einhvers hluta mun hún gera það með skriflegum rökstuðningi. Ef athugasemdir eru þess efnis að gera þarf grundvallarbreytingu eftir auglýsingu á tillögunni um einstök atriði þá verður tillagan endurauglýst.

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
Til vara er því beint til Fljótsdalshrepps að endurtaka samráð það og kynningu sem kveðið er á um í 30. gr. skipulagslaga og að framkvæma samhliða umhverfismat það sem lögmælt er í lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.	Sjá svar hér að ofan.
Ef svo ólíklega fer að Fljótsdalshreppur leggi tillöguna eins og hún liggur nú fyrir óbreytta fyrir Skipulagsstofnun skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga að því er varðar Kröflulínu 3, verður því beint til Skipulagsstofnunar að setja fram tillögu um synjun staðfestingar á aðalskipulagi eða um að fresta staðfestingu þess að hluta, sbr. 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga, með vísan til þess rökstuðnings sem settur er fram í athugasemdum þessum.	Sjá svar hér að ofan.
Kröflulínu 3 var bætt inn á tillögu sveitarstjórnar eftir að lögbundið samráðs- og kynningarferli skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var um garð gengið. *Upphafleg tillaga var send umsóknaraðilum til umsagnar þann 10. febrúar 2014 eins og fram kemur á bls. 8 í greinargerð með endanlegri tillögu. Fram kemur að sveitarstjórn bókaði hinn 7. mars 2014 að leggja til að Kröflulína 3 færi inná skipulagstillögu. Þannig gerðu umsagnaraðilar umsagnir við tillögu er hafði að geyma stefnumótun um að fresta skipulagi að því er varðaði Kröflulínu 3. Hefur því enginn umsagnaraðili haft þann þátt skipulagstillögunnar er varðar Kröflulínu 3 til umsagnar.* *Er því málsmeðferð skipulagsins að því er varðar tillögu um Kröflulínu 3, 220kV ekki í samræmi við skipulagslög.*	Stefna sveitarfélagsins um Kröflulínu 3 var kynnt á íbúafundi 26. júní 2013 og svo aftur á íbúafundi þar sem kynnt var tillaga til auglýsingar þann 29. apríl 2014. Tillagan var síðan aftur auglýst frá 27. mars til 15. maí þar sem íbúum og öðrum gafst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Ef athugasemdir leiða til grundvallarbreytinga eftir auglýsingu þá mun tillagan verða endurauglýst eins og 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga kveður á um.
Breyting á stefnu sveitarfélagsins að þessu leyti væri svo stórfelld að nauðsynlegt er að það samráðs- og kynningarferli, sem skipulagslög mæla fyrir um, fari fram áður en unnt er að afgreiða tillöguna að þessu leyti skv. 31. gr. skipulagslaga, eins og verður nánar rökstutt í næsta kafla.	Stefna sveitarfélagsins um Kröflulínu 3 var kynnt á íbúafundi 26. júní 2013 og svo aftur á íbúafundi þar sem kynnt var tillaga til auglýsingar þann 29. apríl 2014. Tillagan var síðan aftur auglýst frá 27. mars til 15. maí þar sem íbúum og öðrum gafst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Ef athugasemdir leiða til grundvallarbreytinga eftir auglýsingu þá mun tillagan verða endurauglýst eins og 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga kveður á um.
Að auki hefur sveitarstjórn bætt Kröflulínu 3 inn á tillöguna þrátt fyrir að í umsögn Skipulagsstofnunar frá 30. janúar 2014 til umhverfis- og auðlindaráðherra um frestbeiðni sveitarfélagsins sé komist að þeirri niðurstöðu að mótun stefnu í aðalskipulagi sé sá vettvangur sem umræða um mögulega valkosti um útfærslu og legu línunnar á að fara fram á. Bendir Skipulagsstofnun á að þeirri vinnu sé ekki lokið. Landvernd bendir á að sú umræða hefur enn ekki farið fram.	Kröflulína 3 hefur verið inni á aðalskipulagi síðan 2004 sem Fljótsdalslína 1 og því ekki um stefnubreytingu að ræða en settur er inn fyrirvari um línuleiðina í greinargerðina.
Niðurstaða Skipulagsstofnunar í bréfinu frá 30. janúar 2014 er að hafi Fljótsdalshreppur ákveðnar tillögur um útfærslu línunnar þá skuli nýta skipulagsferli aðalskipulags „til að afla upplýsinga og vinna með mögulegar tillögur í samráði við hagsmunaaðila og þá einkum Landsnet“. Ljóst er af ítrekuðum bókunum sveitarstjórnar þar um, á meira en eins árs tímabili, að hún hafði a.m.k. mjög ákveðnar skoðanir um það að línan ætti að vera í jörð, en ekki er ljóst af gögnum hvað varð um þá skýru stefnu eftir 4. febrúar 2014, þegar Landsnet hafði fundað með sveitarstjórnarmönnum og síðan sent andmæli sín bréflega 26. febrúar 2014.	Sjá svar hér að ofan.

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
Skipulagsstofnun hefur jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að ef sveitarfélagið komist á ný að þeirri niðurstöðu að ekki sé grundvöllur til þess að marka stefnu um Kröflulínu 3, geti verið tilefni til að fresta skipulagi á svæðinu skv. 33. gr. skipulagslaga. Ekki hefur Fljótsdalshreppur þó óskað á ný eftir heimild til frestunar, heldur Kröflulína 3 þvert á móti færð inná skipulagstillögu. Þetta hefur verið gert, þrátt fyrir að sveitarfélagið virðist hafa komist að þeirri niðurstöðu á ný að ekki séu forsendur til að marka stefnu, sbr. svohljóðandi orðalag bókunar á sveitarstjórnarfundi hinn 7. mars 2014:	Sjá svar hér að ofan.
Að mati Landverndar á sú staðreynd, að Fljótsdalshreppur telur að niðurstaða um tilhögun línulagnar mótist af mati á umhverfisáhrifum þar sem allir kostir verði skoðaðir, að leiða til þeirrar rökréttu niðurstöðu að 220kV loftínur fari ekki inn á aðalskipulag á þessum tímapunkti. Annars er ekki samræmi milli bókunarinnar og tillögunnar. Hreppurinn telur þá umfangsmiklu loftlínu sem hún hefur fært inná skipulag ekki vera ásættanlegan kost svo sem margoft er fram komið, og kostirnir hafa ekki verið skoðaðir í umhverfismati. Það er því að mati Landverndar mótsögn í tillögunni. Ekki er rökrétt eða eðlilegt að loka á þessu stigi skipulags á valkosti sem umhverfismat kann að leiða til að séu ásættanlegir að mati hreppsins, þar á meðal önnur gerð, lega og spenna mannvirkja en lögð eru fram í aðalskipulagstillögu.	Sjá svar hér að ofan.
Í greinargerð með aðalskipulagstillögu að því er varðar Kröflulínu 3 er á bls. 42 sagt: *Sveitarstjórn hefur óskað eftir að Landsnet leggi fram aðra valkosti innan marka Fljótsdalshrepps en þann sem gert er ráð fyrir í tillögu að matsáætlun Kröflulínu 3. Þá er Valþjófsstaðafjall hverfisverndað í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps vegna náttúruverndar.* *Samkvæmt ofangreindu er einnig erfitt annað en að álykta að greinargerð með aðalskipulagtillögunni sé í beinni andstöðu við hina eiginlegu tillögu að því er varðar Kröflulínu 3, þar sem hún er nú sett fram sem 220kV loftlína alla leið, eins og krafist var af Landsneti í febrúar 2014, án þess að séð verði hvernig sú niðurstaða fékkst í umfjöllun sveitarstjórnar og í samráði við hverja.*	Sjá svar hér að ofan.
Stjórn Landverndar telur að ekki sé unnt að breyta í svo miklum grundvallaratriðum stefnu aðalskipulags sem áður hafði verið mótuð og kynnt, án þess að samráð og kynning fari fram með almenningi og hagsmunaaðilum á ný.	Stefna sveitarfélagsins um Kröflulínu 3 var kynnt á íbúafundi 26. júní 2013 og svo aftur á íbúafundi þar sem kynnt var tillaga til auglýsingar þann 29. apríl 2014. Tillagan var síðan auglýst frá 27. mars til 15. maí þar sem íbúum og öðrum gafst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Ef athugasemdir leiða til grundvallarbreytinga þá mun tillagan verða endurauglýst eins og 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga kveður á um.
Í annan stað bendir stjórn Landverndar á að engin mótuð eða tímasett áform eru uppi um lagningu Kröflulínu 3 hjá Landsneti samkvæmt opinberum gögnum. Í nýjustu fyrirliggjandi kerfisáætlun Landsnets sem birt var í apríl 2013 er aðeins sagt að fyrirtækið sé að skoða ýmsar leiðir, svo sem háspennulínu frá Kröflu í Fljótsdal. Þá má benda á að í tillögu að matsáætlun fyrir Kröflulínu 3 sem Landsnet setti fram 2013, eins og áður sagði, kemur beinlínis fram að engar tímasettar áætlanir séu um línuna. Af þessu er ljóst að engin áform Landsnets yrðu sett í neins konar uppnám, þó Fljótsdalshreppur héldi uppi þeirri stefnu sem sveitarstjórn hefur mótað, og gengið var út frá í aðalskipulagsvinnunni, að skoðaður yrði jarðstrengur, yrði af lagningu háspennumannvirkisins. Hvort það er gert með því að fresta skipulagi að þessu leyti eða með því að færa jarðstreng inná skipulagstillögu eða með því að engin lína sé færð inná skipulagið, er einungis útfærsluatriði á stefnu þeirri sem mörkuð hefur verið í aðalskipulagsferlinu.	Í drögum að Kerfisáætlun Landsnet dagsett í maí 2014, kafla 6.3.1 er Kröflulína 3 tilgreind sem áformuð framkvæmd fyrir árið 2016.

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
Stjórn Landverndar telur ekki unnt að breyta í svo miklum grundvallaratriðum stefnu sem mótuð hefur verið í skipulagsvinnu og að öðru leyti án þess að sérstakt samráð fari fram við íbúa og aðra sem málið varðar. *Málið varðar einnig fleiri en íbúa Fljótsdalshrepps með beinum hætti, þar sem framkvæmd lík og Kröflulína 3 hefði víðtæk áhrif. Þannig segir í tillögu Landsnets 2013 að matsáætlun fyrir Kröflulínu 3, í inngangi:* *„Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi með betri samtengingu þessara landshluta og auka þannig öryggi raforkuafhendingar og gæði raforku. Framkvæmdin er mikilvægur hlekkur í styrkingu flutningskerfisins í heild þar sem um er að ræða mikilvæga styrkingu á milli framleiðslueininga á norðaustur- og austurhluta landsins.“*	Stefna sveitarfélagsins um Kröflulínu 3 var kynnt á íbúafundi 26. júní 2013 og svo aftur á íbúafundi þar sem kynnt var tillaga til auglýsingar þann 29. apríl 2014. Tillagan var síðan aftur auglýst frá 27. mars til 15. maí þar sem íbúum og öðrum gafst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Ef athugasemdir leiða til grundvallarbreytinga þá mun tillagan verða endurauglýst eins og 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga kveður á um.
Fram hefur komið opinberlega að íbúar Skagafjarðar, Hörgársveitar, Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar og þessi sveitarfélög, hafa hafnað því að 220kV loftlínur séu lagðar um lönd þessara sveitarfélaga og að þær verði teknar þar inná aðalskipulag. Jafnframt er ljóst að framkvæmdirnar verða ekki slitnar í sundur heldur eru hluti af heild, svo sem ljóst er af gögnum Landsnets, bæði kerfisáætlun, ofangreindri tilvitnun og öðrum opinberum gögnum. *Þá er nú unnið að landsskipulagsstefnu skv. skipulagslögum. Í fyrri drögum þeirrar stefnu sem kynnt voru á liðnu ári var tekið fram að háspennulínur yrðu ekki teknar inn á landsskipulag fyrr en fyrir lægi greining á þörf. Um þetta er fjallað í sérstökum kafla hér síðar.* *Bent er á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 9. ágúst 2013 varðandi tillögu Landsnets að matsáætlun fyrir Kröflulínu 3 kom fram að fyrirtækinu bæri að umhverfismeta aðra valkosti en loftlínu og ekki aðeins 220kV línu.*	Í drögum að Kerfisáætlun Landsnet dagsett í maí 2014, kafla 6.3.1 er Kröflulína 3 tilgreind sem áformuð framkvæmd fyrir árið 2016 og í umhverfisskýrslu fyrir Kerfisáætlun eru tilgreindir mismunandi kostir og áhrif þeirra. Miðað við gefnar forsendur og núverandi raforkulög þá er jarðstrengur ekki talinn vera raunhæfur kostur á þessu stigi og er vísað í niðurstöður sem fram koma í tillögu að matsáætlun fyrir Kröflulínu 3 og í Kerfisáætlun Landsnets 2014-2023. En bent er á að settur er fyrirvari um línuna í greinargerð aðalskipulagsins.
Ljóst er að svæðisskipulag skal taka mið að þessu. Af skipulagstillögu Fljótsdalshrepps er ljóst að ekkert svæðisskipulag er í gildi fyrir umrætt svæði innan marka sveitarfélagsins. Jafnframt er ljóst að Svæðisskipulag miðhálendisins er brátt úr gildi. *Á meðan það umhverfismat sem Skipulagsstofnun hefur ákveðið að fram fari (hefur ekki enn verið gert) er ástæðulaust, ótímabært og óvarlegt að taka Kröfulínu 3 sem 220kV loftlínu inná aðalskipulag Fljótsdalshrepps, án þess að aðrir kostir hafi verið skoðaðir. Er það ekki síst vegna hinna miklu sjónrænu áhrifa sem hið mikla mannvirki myndi hafa á víðernum á Fljótsdalsheiði og niður Valþjófsstaðafjall og yfirlýstrar og ítrekaðrar stefnu Fljótsdalshrepps þar að lútandi. Ekki eru nein rök eða lagaheimild fyrir því að sveitarfélagið komist í skipulagstillögu sinni að niðurstöðu sem andstæð er stefnu þess. Í raun mætti líta á slíkt sem nokkurs konar framsal hins lögbundna skipulagsvalds sveitarfélags til framkvæmdaraðila.*	Sjá svar hér að ofan.

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
Þá er ljóst að á allra síðustu misserum hefur þróun orðið mikil í þá átt að meta skuli fleiri valkosti en loftlínur, einnig á 132kV og 220kV spennu. Þannig skilaði svokölluð jarðstrengjanefnd skipuð af atvinnuvegaráðherra niðurstöðu í febrúar 2013 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að meta skyldi jarðstrengi til jafns við loftlínur á þessu spennustigi, sérstaklega á viðkvæmum náttúrusvæðum og víðar, og að það þyrfti ávallt að gera í hverju tilviki fyrir sig. Enginn almennur samanburður kæmi í stað þess. Er í þessu sambandi einnig vísað til þeirrar þróunar sem sannað þykir að orðið hafi í heiminum á allra síðustu árum í átt til þess að jarðstrengir þyki raunhæfur kostur, tæknilega og kostnaðarlega, á raflínum undir 400kV. Um þetta hefur verið mikið fjallað á undanförnum misserum hérlendis, svo það má heita alkunna hvaða breytingar hafa orðið á öllum forsendum tillaga líkri þeirri sem hér er sett fram. *Ekkert er fjallað um nauðsyn mannvirkisins í greinargerð eða umhverfisskýrslu, það er hvort talin sé þörf á að flytja tiltekið raforkumagn um sveitarfélagið á skipulagstímanum. Staðreyndin er sú að ekki liggur fyrir nein tímasett þörf, eins og nánar er rakið hér fyrir neðan í köflum um landsskipulagsstefnu, tillögu að matsáætlun um Kröflulínu 3 og um núgildandi kerfisáætlun.* *Loks er bent á að 9. gr. laga 105/2006 kveður skýrt á um að við mótun áætlunar skuli hafa hliðsjón af umhverfisskýrslu. Það hefur ekki verið gert varðandi Kröflulínu 3 og er því áætlunin ekki í samræmi við lög.*	Ekki er um að ræða stefnubreytingu þar sem Kröflulína 3 hefur verið inn á gildandi aðalskipulagi Fljótsdalshrepps frá því að það var staðfest 20. apríl 2004 (sem Fljótdalslína 1). Í umhverfisskýrslu er núverandi stefna og stefna um jarðstreng metin á hluta leiðarinnar niður Valþjófsstaðafjall og sá kostur talin vera lakari en loftlína vegna landfræðilegra aðstæðna. Eðlilegt er að frekari áhrif verði metin í umhverfismati framkvæmdar og ekki talið raunhæft að meta áhrif mismunandi spennu raflína á aðalskipulagsstigi.
Aðalskipulag lýtur lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Skal umhverfisskýrsla unnin samhliða áætlanagerð. *Bæði greinargerð með aðalskipulagstillögunni og forsendur og umhverfisskýrsla eru dagsettar 26. mars 2014. Umhverfisskýrsla virðist þó alfarið hafa verið unnin áður en breyting sú var færð inn í tillöguna skv. ákvörðun sveitarstjórnar 7. mars 2014 sem hér er fjallað um; Kröflulína 3. Verður jafnframt ráðið af bréfi Skipulagsstofnunar frá 13. janúar 2014 skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga að á þeim tímapunkti hafði ekkert umhverfismat enn farið fram á stefnu sveitarfélagsins vegna Kröflulínu 3. Ljóst er samkvæmt þessu að ekki hefur gefist mikill tími til umhverfismats að því er varðar meinta stefnu sveitarfélagsins um Kröflulínu 3, eða aðeins innan tímabilsins 13. janúar til 7. mars 2014. Sýnist umfjöllunin öll bera merki þessa tímaramma. Umhverfisskýrsla sú er fylgir tillögu sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps fjallar ekki á neinn fullnægjandi hátt um þá þætti sem lögskylt er að fjalla um í slíkri skýrslu að því er varðar Kröflulínu 3, sbr. tilvitnun hér að ofan. Skýrist það sjálfsagt af því að umhverfismat aðalskipulagsins fór fram áður en Kröflulína 3 var tekin inn í skipulagstillögu með bókun sveitarstjórnar 7. mars 2014 eins og að ofan er rakið.*	Þar sem um endurskoðun aðalskipulags Fljótsdalshrepps er að ræða þá var ekki talin þörf á að meta sérstaklega umhverfisáhrif Kröflulínu 3 þar sem hún hefur verið inni á gildandi aðalskipulagi. Ekki var því um neina stefnubreytingu um raflínur að ræða. Umfjöllun um raflínur í umhverfisskýrslu var bætt við skv. ábendingu Skipulagsstofnunar skv. bréfi 13. Janúar 2014.
Ekki er ljóst hvaða mat á valkostum fór fram umfram þá sem nefndir eru sem kostir A og B í umhverfismatsskýrslu, eða hvernig mati og vali var háttað. Hvorki hafa verið metnir þeir kostir sem virðast nærtækastir og sannanlega raunhæfir, svo sem Skipulagsstofnun hefur tekið af skarið með í ákvörðun sinni frá 9. ágúst 2013 sbr. ofangreint, en Landsnet hefur vísað þeirri ákvörðun til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál. Þessir valkostir eru m.a. 132kV flutningsmannvirki og/eða jarðstrengur og hafa ekki verið umhverfismetnir, fyrir utan að jarðstrengur á litlum hluta leiðarinnar er tekinn með í kost B. Ekki er útskýrt í umhverfisskýrslu af hverju aðeins er metin 220kV loftlína á Fljótsdalsheiði, af hverju ekki er metinn valkosturinn 132kV og af hverju aðeins er metinn jarðstrengur frá brún Teigsbjargs. Þar sem þegar liggur fyrir í opinberum gögnum að þeir kostir eru taldir raunhæfir af Skipulagsstofnun, er umfjöllunin í andstöðu við ákvæði f-liðar og h-liðar 6. gr. laga nr. 105/2006.	Ekki þykir raunhæft að á aðalskipulagsstigi að meta áhrif valkosta með mismunandi spennu þar sem þesskonar umfjöllun tilheyrir mun frekar umfjöllun í mati á umhverfisáhrifum.

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
Þá er ekki fjallað um þann valkost í umhverfisskýrslu að styrkja þá háspennulínu sem fyrir er, sem gæti verið raunhæfur kostur. Þó kom fram í bókun af sveitarstjórnarfundi Fljótsdalshrepps þann 4. febrúar 2014, þar sem fulltrúar Landsnets komu og óskuðu eftir að [flytja] mál sitt, að unnt væri að spennuhækka Kröflulínu 2 niður Valþjófsstaðafjall úr 132kV í 220kV. Umfjöllum um þetta er þó ekki að finna í umhverfisskýrslu, svo sem nauðsynlegt hefði verið, ef umhverfismat hefði farið fram á stefnumörkuninni.	Að mati sveitarstjórnar er hæpið að umfjöllun um tæknilegar útfærslur eigi heima í umhverfisskýrslu með aðalskipulagið heldur heyri frekar undir umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.
Lítil loftmynd með teiknaðri línu, mynd nr. 4.1 á bls. 37 í umhverfisskýrslu, veitir ekki miklar upplýsingar um mannvirkið sem fjallað er um í skýrslunni. Engin önnur myndræn framsetning er á þessu mannvirki. Því er heldur ekki lýst með orðum í umhverfisskýrslunni. Er það í brýnni andstöðu við 6. gr. laga nr. 105/2006 og tilgang umhverfismatsins, enda má segja að öll umfjöllun um umhverfisáhrifin í kafla 4.2 sé í raun marklaus þar sem „stefnumörkun“ um Kröflulínu 3 geymir enga lýsingu á mannvirkinu.	Lýsing er á báðum línuleiðum sem valkostir A og B gera ráð fyrir en ekki er lýst frekar hvernig mannvirkin sjálf líta út.
Í töflu á bls. 38 í umhverfisskýrslu eru reitir með umhverfisþáttunum náttúru, auðlindum og samfélagi, þar sem kostirnir A, loftlína alla leið meðfram núverandi 132kV núverandi línu frá 1978 yfir Fljótsdalsheiði að tengivirki á Fljótdal, og B, loftlína að brún Teigsbjargs og jarðstrengur þaðan að tengivirki á Fljótsdal [eru sýndir]. Þessi tafla er ekki frekar útskýrð í umhverfisskýrslunni, en í reitum fyrir hvorn valkost er ritaður texti sem á að lýsa áhrifum hvors valkosts á umhverfisþættina. Vægiseinkunnir sem settar eru í töfluna eru lítt skiljanlegar, og í reit um samfélag sem umhverfisþátt, er sett spurningamerki, sem ekki er útskýrt. Í heild segir taflan mjög lítið um mat á umhverfisáhrifum og uppfyllir ekki umhverfismat á þeim þætti „stefnu“ sem þó er helst talin hafa neikvæð áhrif í aðalskipulaginu samkvæmt umhverfisskýrslunni. Ekki er ljóst hvaða faglega mat liggur að baki einkunnum og enginn rökstuðningur settur fram.	Umhverfismat með aðalskipulagi á að vera einfalt og meira skimun á áhrifum á valda þætti. Notast er við þær forsendur sem fyrir liggja og þau gögn sem aflað hefur verið við vinnu skipulagsins til þess að metið áhrifin og engar beinar rannsóknir liggja til grundvallar enda fara þær fram í umhverfismati framkvæmda.
*Líta verður til þess um hve **stóra framkvæmd og mannvirki** yrði að ræða, en skv. tillögu Landsnets að matsáætlun um Kröflulínu 3, sem aðgengileg er almenningi, er ljóst að um líklega yrði að [um að] ræða stöguð stálgrindarmöstur allt að 32 metrum að hæð, hornmöstur yrðu annað tveggja: Þrjár stagaðar stálgrindarsúlur eða frístandandi fjórfótungar. Myndir af þessum mannvirkjum og samanburður við 132kV tréstauramöstur er að finna í nefndri tillögu að matsáætlun og blasir við af þeirri framsetningu hversu mikið mannvirki um er að ræða. Nærtækt er að vísa til Fljótsdalslínu 3 og 4 til viðmiðunar, sem Fljótsdælingar þekkja vel. Enga lýsingu er hinsvegar að finna í umhverfisskýrslu aðalskipulagstillögunnar á mannvirkinu.*	Lýsing er á báðum línuleiðum sem valkostir A og B gera ráð fyrir en ekki er lýst hvernig mannvirkin sjálf munu líta út. Niðurstaða matsins eins og fram kemur í matstöflu, er neikvæð vegna sjónrænna áhrifa frá möstrum.
*Í töflunni á bls. 38 í umhverfisskýrslu er lítið minnst á **línuvegi.** Allt að einu er ljóst að um mikil vegamannvirki yrði að ræða, en í tillögu að matsáætlun fyrir Kröflulínu 3 kom fram að með núverandi línu frá 1978 færi gömul slóð eða troðningur sem lélegur væri víðast. Fyrirhugað væri að leggja línuveg og var birt sniðmynd af honum sem sýnir að um er að ræða veg sem yrði 7 til 8 metra breiður með fláum. Auk þess kemur þar fram að um 100 fermetra plan þyrfti undir hvert mastur. Af þessu er auðvitað ljóst að mikil efnistaka þarf að fara fram. [Ekkert af þessu kemur fram í mati] á valkosti A, nema sagt er varðandi umhverfisþáttinn jarðfræði og jarðmyndanir að neikvæð áhrif yrðu vegna efnistöku ef opna þyrfti nýjar námur, ekki verði veruleg áhrif af slóðum á fuglalíf (ekki er ljóst af hverju ástæða þykir til að taka það fram umfram aðra náttúrufarsþætti), en ekki minnst á helstu áhrif loftlína á fuglalíf sem auðvitað er áflugshætta. Loks er sagt að áhrif geti orðið af slóðum á menningarminjar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinum áhrifum línuvega á jarðfræði og jarðmyndanir í umhverfisskýrslunni, sem hlýtur að skjóta skökku við miðað við umfang vegagerðarinnar.*	Slóðagerð er hluti af framkvæmd Kröflulínu 3 og byggist matið á því. Gert er ráð fyrir að efni verði tekið úr opnum námum sem hafa framkvæmdaleyfi til slóðagerðar og og undir plön fyrir mastursstæði.

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
Þá er heldur ekki gert ráð fyrir að vegir með loftlínum hafi nein áhrif á landslag, en hinsvegar er talið að sjónræn áhrif verði af lagningu jarðstrengs vegna slóðagerðar við hann frá brún Teigsbjargs að tengivirki í Fljótsdal. Virðist matið, um að ávallt verði sjónræn áhrif af jarðstreng, ekki byggt á neinum gögnum eða athugunum á lagningu jarðstrengja auk þess sem fullyrðingin lítur algerlega framhjá slóðagerð við 220kV loftlínur, sem þó er til ágæt lýsing á í margtilvitnaðri tillögu Landsnets að matsáætlun fyrir KL-3. Hér gætir því heldur engan veginn samræmis.	
Ekki er neitt fjallað um það í greinargerð með aðalskipulagstillögunni og þá ekki í umhverfisskýrslunni hversu mikil ***efnistökuþörf*** *er eða hvar hún yrði. Slíka umfjöllun er heldur ekki að finna í tillögu Landsnets að matsáætlun fyrir Kröflulínu 3. Bent er á að líkur eru á mikilli efnistöku, sbr. hugmyndir um umfang línuvega, og að í tillögu Fljótsdalshéraðs að breytingu á aðalskipulagi sínu vegna Kröflulínu 3 var tekið fram að hvorki fleiri né færri en 17 nýjar námur þyrfti að opna í því sveitarfélagi. Þættir eins og efnistaka og umfang plana og línuvega ætti að vera Fljótsdalshreppi vel kunnugir frá því lagðar voru Fljótsdalslínur 3 og 4 fyrir nokkrum árum. [Nauðsynlegt er að fjalla um þá nýtilkomnu stefnu sveitarfélagsins, að gera ráð fyrir Kröflulínu 3 sem loftlínu á skipulagi sínu, í umhverfismati.]*	Ekki liggja fyrir upplýsingar um efnisþörf en aðalskipulagið gerir ekki ráð fyrir nýjum námum vegna raflína.
Loks er ályktað í ofangreindri samantekt niðurstöðu í umhverfisskýrslu um þá stefnumörkun sem felist í Kröflulínu 3 í aðalskipulagi, að ekki þyki ljóst hvaða leið skuli valin og því sé skipulagi frestað á línuleiðinni frá sveitarfélagamörkum. Þetta er augljóslega í andstöðu við greinargerð með skipulagstillögunni. Við þetta hefur fyrr í þessum athugasemdum verið gerð sú athugasemd að áætlun um Kröflulínu 3 sem loftlínu alla leið er í ósamræmi við þetta umhverfismat og þannig í ósamræmi við lög nr. 105/2006 sem mæla fyrir um að við áætlanagerð skuli tekið tillit til niðurstöðu umhverfismatsins. Ályktar Landvernd að umhverfismatið sem sett er fram í kafla 4.2 í umhverfisskýrslu með tillögu sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps hafi verið gert fyrir 7. mars 2014 og eigi því alls ekki við um hina nýju stefnumörkun aðalskipulagstillögunnar sem auglýst var 26. mars 2014. Beri því að hafna tillögunni þar sem hún sé í ósamræmi við matið.	Þessi texti er því miður ekki réttur og verður leiðréttur í umhverfisskýrslu.
Ekki verður séð að nægilega sé gerð grein fyrir ***umhverfisverndarmarkmiðum*** *yfirvalda, hvorki Fljótsdalshrepps né annarra yfirvalda, og ekkert er fjallað um samband Kröflulínu 3 við* ***svæði sem hafa náttúruverndargildi*** *(sjá stafliðir d og e í 6. gr. laga nr. 105/2006). Er meðal annars hvorki minnst á hverfisvernd Valþjófsstaðafjalls né verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs í umhverfismati um stefnu áætlunarinnar um Kröflulínu 3. Það er ófullnægjandi umfjöllun.*	Í töflum í köflum 2.3.1 og 2.3.2 í umhverfisskýrslu eru tilgreind þau umhverfisverndarmarkmið og áætlanir sem hafðar eru til grundvallar eða viðmiðunar í aðalskipulagsgerðinni.
Ekkert er fjallað um ***samlegðaráhrif*** *Kröflulínu 3 og Kröflulínu 2 í umhverfismatinu, þó að staðhæft sé í greinargerð með tillögunni, á bls. 42 að sú fyrrgreinda myndi magna upp neikvæð áhrif hinnar síðarnefndu.*	Ljóst er að samlegðaráhrif af nýrri línu verða talsverð og því er settur fyrirvari um línuleiðina í aðalskipulagi.

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
*Ekkert er heldur fjallað um **önnur umhverfissjónarmið** (einnig stafliður e í 6. gr. laga nr. 105/2006) og hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra. Er þá ekki síst átt við sjónræn áhrif. Verður með engu móti ráðið hvernig [markmiðum] um vernd víðerna á Fljótsdalheiði yrði náð með þeirri tillögu sem lögð er fram, en ljóst er að vernd víðerna fer fyrst og fremst fram með því að huga að landslagi og ásýnd. Bent er á að sú lína sem fyrir er sé 132kV raflína á tréstaurum yfir Fljótsdalsheiði byggð árið 1978. Samkvæmt öllum aðgengilegum almennum upplýsingum er ný 220kV loftlína afar ólíkt mannvirki því sem fyrir er hvað sjónræn áhrif varðar, þar sem mikil mastraplön eru lögð undir stálmöstur svo öflugs flutningsmannvirkis sem sjást úr mikilli fjarlægð, auk þess sem mun umfangsmeiri og sterkbyggðari vegi þarf til lagningar og viðhalds slíkra mannvirkja, með tilheyrandi efnistöku. Ekkert af þessu sést í umhverfisskýrslunni í tengslum við neins konar umfjöllun um vernd víðerna eða sjónræn áhrif. Nefnt er að jarðrask af línulögn hafi í för með sér áhrif á landslag og sagt að „helstu áhrif á fyrrgreinda þætti verð[i] vegna mastra og leiðara háspennulínanna“ (tafla bls. 38 í umhverfisskýrslu), án þess að þetta sé skýrt. Loks er sagt að Kröflulína 3 kunni að hafa áhrif á útivist, án þess að neins konar mat á því fari fram. Þetta getur ekki talist vera lögformlegt umhverfismat á þeim þætti stefnu aðalskipulagstillögunnar sem þó er talinn hafa mest áhrif á umhverfið.*	Um er að ræða gróft mat á áhrifum línunnar sem nánar verða rannsökuð í umhverfismati framkvæmdar.
*Umhverfisskýrslan að því er varðar Kröflulínu 3 fjallar ekkert um **mótvægisaðgerðir** (stafliður g í 6. gr. laga nr. 105/2006), sem þó er lögskylt. Aðeins er fullyrt almennt í kafla 4.3 að ekki sé þörf á neinum mótvægisaðgerðum vegna framfylgdar aðalskipulagsins. Engar mótvægisaðgerðir eru nefndar í tengslum við Kröflulínu 3. Blasir þó við að lagning jarðstrengs væri nærtæk mótvægisaðgerð varðandi það umhverfisverndarmarkmið sem felst í stefnunni um hverfisvernd Valþjófsstaðafjalls auk almenns umhverfissjónarmiðs um vernd víðerna.*	Í kafla 4.3 í umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir mótvægisaðgerðum og vöktun. Ekki var talin þörf á mótvægisaðgerðum vegna Kröflulínu 3.
Loks verður ekki séð að ákvæða 10. gr. laga nr. 105/2006 hafi að fullu verið gætt við gerð umhverfismats samhliða gerð tillögunnar sem lögð er fram. Er þá einkum haft í huga stærð og umfang áhrifanna og verndargildi víðerna Íslands. *Að mati stjórnar Landverndar verður umhverfismatið hvað varðar Kröflulínu 3 að teljast í algjöru skötulíki. Umhverfisskýrslan, greinargerðin og málsmeðferð tillögunnar stenst skv. framangreindu ekki lagaskilyrði.*	Umhverfisskýrslan er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana og að mati sveitarstjórnar á hún að vera einföld á aðalskipulagsstigi þar sem einungis eru metin þau áhrif sem mögulega gætu haft neikvæð áhrif í för með sér við endurskoðun aðalskipulags. Kröflulína 3 hefur verið inni í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps sem Fljótsdalslína 1 og því er verið að meta áhrif stefnu sem búið er að setja fram og þau verða metin enn frekar í umhverfismati framkvæmdar.
*Í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að umsögn hafi borist frá **Umhverfisstofnun** með bréfi dags. 21. mars 2014. Ekki er sagt frá efni athugasemdanna í dálki í töflu á bls. 10 í greinargerðinni, heldur er ritað í dálkinn að athugasemdum verði svarað síðar. Því er almenningi ekki kunnugt um efni athugasemda stofnunarinnar, sem augljóslega er bagalegt. Það sama á við um sveitarfélagið Hornafjörð. Þessi framgangsmáti er heldur ekki í samræmi við áðurgreint bréf Skipulagsstofnunar um mikilvægi þess að sveitarfélagið brygðist við framkomnum athugasemdum og ábendingum áður en tillagan væri auglýst. Kvað Skipulagsstofnun á um að birta skyldi athugasemdir hennar með tillögunni á auglýsingatíma og í auglýsingu skyldi koma fram að tillagan lægi frammi ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar, ef ekki hefði verið tekið tillit til þeirra fyrir auglýsingu. Það var ekki gert.*	Í samantekt eftir auglýsingu skv. 9. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana verða teknar saman umsagnir og athugasemdir og hvernig brugðist var við þeim.

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR:	***UMSAGNIR:***
Landvernd minnir á að Fljótsdalshreppur óskaði eftir umsögnum 10. febrúar 2014, eða áður en Kröflulína 3 var færð inná skipulagstillöguna. Umhverfisstofnun hefur því ekki, frekar en öðrum umsagnaraðilum, verið gefið færi á að gefa umsögn um aðalskipulagtillöguna með Kröflulínu 3 inná. Það er auðvitað fráleit staða, enda er um þann þátt skipulagstillögunnar að ræða sem mest neikvæð umhverfisáhrif hefur. Ekki er hægt að halda því fram að þetta standist lög.	Umhverfisstofnun hefur gefið umsögn með bréfi dagsettu 9. júlí 2014.
Stjórn Landverndar telur jafnframt ljóst að rétt hefði verið af Fljótsdalshreppi að senda ***Landvernd*** *umsagnarbeiðni, ekki síst eftir að Kröflulína 3 var færð inná skipulagstillögu, enda eru samtökin stærstu umhverfisverndarsamtök á Íslandi og gæta hagsmuna almennings. Sendu þau hinn 15. mars 2013 inn umfangsmiklar athugasemdir við matsáætlun fyrir Kröflulínu 3, þar sem meðal annars var fjallað um fyrirhugaða leið Kröflulínu 3 niður Valþjófsstaðafjall og m.a. tekið undir þau sjónarmið sem Fljótsdalshreppur hafði þá þegar sett fram um línuna. Auk þess voru í bréfi Landverndar athugasemdir eru lutu að þarfagreiningu mannvirkis, flutningsþörf og valkostum, sem allar voru teknar upp og vísað til af Skipulagsstofnun tillögu að matsáætlun fyrir Kröflulínu 3 í ákvörðun stofnunarinnar hinn 9. ágúst 2013 sem áður er getið.*	Umhverfisstofnun fékk tillöguna til umsagnar sem lögbundin umsagnaraðili en Landvernd gafst kostur á að koma með athugasemdir við auglýsta tillögu.
Þar sem umhverfisverndarsamtök hafa mikilvægu hlutverki að gegna varðandi þátttöku almennings í ákvörðunarferli er varðar umhverfið eru samtökin augljóslega umsagnaraðili í skilningi laga nr. 105/2006, eins og þau lög verða túlkuð með hliðsjón af tilskipun 2001/42/EBE og Árósarsamningnum sem fullgiltur var af Íslandi í október 2011. Að auki hefði átt að leita umsagna svæðisbundinna náttúruverndarsamtaka.	Sveitarstjórn hefur hagað kynningu og samráði við kynningu aðalskipulagstillögu í fullu samræmi við 30. og 31. gr. skipulagslaga.
Með úrskurði umhverfis- og auðlindaráðherra í maí 2013 var leyst úr ágreiningi sem uppi hafði verið um það hvort kerfisáætlun Landsnets, sbr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003, væri þess konar áætlun sem lög nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana tækju til. Var úrskurðað að svo væri. Umhverfismat kerfisáætlunar Landsnets er nú yfirstandandi og hefur fyrirtækið kynnt umhverfisskýrslu ásamt tillögu að kerfisáætlun nú nýverið, eða hinn 6. maí 2014. Ljóst er að niðurstaða framangreinds úrskurðar ráðherra hefur í för með sér að eldri kerfisáætlanir er Landsnet hafði gefið út voru ekki í samræmi við lög. Við þær aðstæður sem uppi eru, er því ótækt að miða við eldri kerfisáætlanir og ótímabært að taka tillit til þeirrar sem nú er í kynningarferli.	Kerfisáætlun Landsnets 2014-2023 er höfð til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulagsins.
Kerfisáætlun hefur heldur ekki lögformlega stöðu gagnvart sveitarfélögum líkt og til að mynda samgönguáætlun og rammaáætlun, enda eru kerfisáætlanir ekki samþykktar af Alþingi eða öðrum yfirvöldum, heldur aðeins af Landsneti, sem er hlutafélag í eigu orkufyrirtækja.	Sjá svar hér að ofan.
Rökstyður ofangreint enn frekar þá niðurstöðu að algerlega sé ótímabært að leggja fram þá tillögu sem hér hefur verið gerð um Kröflulínu 3 í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014 til 2030. *Tillagan er ótímabær og hefur ekki hlotið meðferð.* *Loks er ítrekað og lögð rík áhersla á að valkostir hafa ekki verið metnir í tillögu Fljótsdalshrepps að aðalskipulagi með þeirri breytingu sem gerð var á lokametrum skipulagsundirbúnings og ekkert umhverfismat hefur farið fram vegna þeirrar breytingar, svo sem ítarlega er reifað hér að ofan.* *Algerlega ótímabært er af öllum ofangreindum ástæðum að afgreiða aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014 til 2030 með breytingu þeirri varðandi Kröflulínu 3 sem lögð var til 7. mars 2014, líkt og leiðir einnig af niðurstöðu Skipulagsstofnunar í umsögn hennar frá 30. janúar 2014 til umhverfis- og auðlindaráðherra um frestbeiðni sveitarfélagsins, og fjallað er um að ofan.*	Umrædd línuleið er inn í núgildandi aðalskipulagi og felur aðalskipulagstillagan í sér svo verði áfram. Það er markmið og hlutverk aðalskipulags að í því felist stefnumörkun til framtíðar. Samkvæmt því getur ekki verið ótímabært að slík stefnumörkun um línuleið þessa komi fram aðalskipulagstillögu. Þá verði ekki séð að þýðingu hafi hvenær umrædd tillaga kom fram. Teldi sveitarstjórn að breyta skuli stefnumörkun þá fer það eftir málsmeðferð samkvæmt skipulagslögum.